

Bryndís Zoëga

# Strandminjar við austanverðan Skagafjörð

## 2. áfangi.



Byggðasafn Skagfirðinga

Rannsóknaskýrslur

2013/142

Forsíðumynd: Sjóbúðatóft frá Þönglabakka



© Bryndís Zoëga  
Bygðasafn Skagfirðinga, Sauðárkróki  
2013/142

# Efnisyfirlit

<b>INNGANGUR</b> .....	<b>1</b>
<b>SKAGAFJÖRÐUR ÚT AÐ AUSTAN</b> .....	<b>2</b>
<b>UM ORSAKIR LANDBROTS</b> .....	<b>3</b>
<b>TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR</b> .....	<b>3</b>
<b>AÐFERÐARFRÆÐI</b> .....	<b>4</b>
<b>HÆTTUMAT</b> .....	<b>5</b>
<b>LÓN - SÖGUÁGRIP</b> .....	<b>7</b>
<b>FORNLEIFASKRÁNING</b> .....	<b>7</b>
<b>KOLKUÓS - SÖGUÁGRIP</b> .....	<b>8</b>
<b>FORNLEIFASKRÁNING</b> .....	<b>8</b>
<b>MÆLSTAÐUR-SÖGUÁGRIP</b> .....	<b>9</b>
<b>FORNLEIFASKRÁNING</b> .....	<b>9</b>
<b>ÓSLAND - SÖGUÁGRIP</b> .....	<b>10</b>
<b>FORNLEIFASKRÁNING</b> .....	<b>10</b>
<b>BREKKUKOT (SYÐRI-BREKKA/BREKKA)-SÖGUÁGRIP</b> .....	<b>11</b>
<b>FORNLEIFASKRÁNING</b> .....	<b>11</b>
<b>TUMABREKKA (YTRI-BREKKA)- SÖGUÁGRIP</b> .....	<b>13</b>
<b>FORNLEIFASKRÁNING</b> .....	<b>13</b>
<b>MIDHÚS-SÖGUÁGRIP</b> .....	<b>14</b>
<b>FORNLEIFASKRÁNING</b> .....	<b>15</b>
<b>GRÖF-SÖGUÁGRIP</b> .....	<b>18</b>
<b>FORNLEIFASKRÁNING</b> .....	<b>18</b>
<b>ÞÖNGLASKÁLI (NÚ VOGAR)-SÖGUÁGRIP</b> .....	<b>22</b>
<b>FORNLEIFASKRÁNING</b> .....	<b>23</b>
<b>BÆR-SÖGUÁGRIP</b> .....	<b>30</b>
<b>FORNLEIFASKRÁNING</b> .....	<b>31</b>
<b>BAKKI - SÖGUÁGRIP</b> .....	<b>49</b>
<b>FORNLEIFASKRÁNING</b> .....	<b>50</b>
<b>LAUGALAND-SÖGUÁGRIP</b> .....	<b>65</b>
<b>FORNLEIFASKRÁNING</b> .....	<b>66</b>
<b>MÓSKÓGAR-SÖGUÁGRIP</b> .....	<b>77</b>
<b>FORNLEIFASKRÁNING</b> .....	<b>78</b>
<b>SAMANTEKT</b> .....	<b>84</b>
<b>ÁHUGAVERÐAR MINJAR Í HÆTTU</b> .....	<b>86</b>
<b>NIÐURLAG</b> .....	<b>87</b>
<b>HEIMILDASKRÁ</b> .....	<b>88</b>

## Inngangur

Undanfarin ár hafa starfsmenn Byggðasafns Skagfirðinga unnið að margvíslegum fornleifarannsóknum í Skagafirði, má þar nefna fornleifaskráningar vegna skipulagsgerðar, skráningar og uppgröft vegna byggðasögurannsókna og rannsókna á fornum kirkjugörðum. Við rannsóknirnar hefur komið í ljós fjöldi minja sem hafa orðið fyrir raski eða eru í hættu vegna náttúruaflla eða mannlegra athafna. Einnig hefur orðið ljóst í viðtölum við landeigendur og heimildamenn í austanverðum Skagafirði að þeir telji ágang sjávar og landbrot hafa aukist þar síðustu áratugina og að nokkur fjöldi minja hafi horfið fyrir þær sakir í þeirra minni. Engin heildstæð úttekt er til á strandminjum í Skagafirði og lítið vitað um fjölda og gerð þeirra minja sem eru í hættu eða hafa þegar horfið í sjó vegna landbrots.

Vorið 2012 fékk Fornleifadeild byggðasafnsins styrk frá Fornleifasjóði til þess að skrá strandminjar í austanverðum Skagafirði, þar sem áherslan var lögð á minjar sem liggja nærri sjó og eru í hættu sökum sjávargangs. Meginmarkmið með rannsókninni er að fá heildaryfirlit yfir strandminjar á svæðinu en það er grundvöllur þess að hægt sé að gera áætlun um varðveislu minja og forgangsöröðun á frekari rannsóknum á þeim minjum sem eru í mikilli hættu. Áframhaldandi styrkur fékkst fyrir árið 2013 og var þá lokið við annað áfanga verkefnisins.

Upphafleg áætlun ársins 2012 gerði ráð fyrir að öll strandlengjan frá Lóni í suðri að sýslumörkum Skagafjarðar- og Eyjafjarðarsýslna í norðri yrði skráð en þar sem ekki fékkst nægilegt fé til að ljúka verkefninu í einni lotu var ákveðið að áfangaskipta því. Í lok árs 2012 var búið að skrá strandlengju 16 jarða að auk hluta jarðarinnar Grafar. Árið 2013 var lokið við skráningu í Gröf auk þess sem strandlengja 10 jarða var skráð. Auk þess var skráð hleðsla í Kolkuósi sem nýlega hefur komið í ljós en þar hefur sjórinn verið að brjóta af landi. Einnig bættust við tvennar minjar í landi Melstaðar sem ekki voru skráðar 2012. Í lok árs 2013 hefur því verið lokið við að skrá alls 24 jarðir af 27, en jarðirnar sem eru óskráðar eru Ysti-Mór, Efra-Haganes og Hraun í Fljótum.

Undirbúningur og heimildavinna hófst í ágúst 2013 og var unnin af Bryndísi Zoëga landfræðingi sem einnig skráði á vettvangi í sama mánuði. Hlutar verkefnis voru unnir í samstarfi við ritara Byggðasögu Skagafjarðar sem vinna að 7. bindi hennar og hefur verið farið í sameiginlegar vettvangsferðir með þeim Kára Gunnarssyni og Hjalta Pálssyni.

Landeigendum og heimildamönnum þökkum við veitta aðstoð.

## Skagafjörður út að austan

Eins og getið er í inngangi eru 27 bæir sem eiga land að sjó við austanverðan Skagafjörð og þar af er búið að skrá fornleifar meðfram strandlínu 24 þeirra auk strandlínu Málmeysjar og nokkurra minja sem í dag tilheyra Hofsósi.

Í jarðabók frá 1714 er getið um útræði eða heimræði frá öllum jarðanna nema Mýrum og Kolkuósi (sem þá var í Viðvíkurlandi). Mýrar voru ekki í byggð þegar jarðabókin var rituð og ekki er getið um að Viðvíkurbóndi hafi róið frá Kolkuósi en þar var skipsuppsátur Hólastóls „fyrir farmaskip og flutninga [...]. Þar er og búðarstöð stólsins til að hirða stólsins góts, sem flutt verður á skipum.“<sup>1</sup> Í jarðabókinni er oftast getið um hvort lending sé góð eða slæm, hvenær árs sé hægt að róa og hvort bóndi hafi skip á ritunartíma. Svo dæmi sé tekið þá segir um Fell: „Heimræði er hjer og lending ein brimsöm fyrir heimalandi og stórgrýtt, og brúkast því þetta heimræði sjaldan um vetur. Skip staðarhaldarans gengur hjer eitt eður fleiri sem hann fær við komið.“<sup>2</sup> Jarðir áttu skipsuppsátur þó þær lögju ekki að sjó eins og t.d. Hólastaður sem nefndur er að framan og á Lónkotsmöl voru m.a. sjóbúðir frá Róðhóli, Bræðrá, Arnarstöðum og Skálá.<sup>3</sup> Útræði var mikið og voru helstu verstöðvar í Óslandskrók, Bæjarklettum, Lónkotsmöl, Mýrnavík<sup>4</sup> og þrjár í Fljótum; í Hraunakrók, Mósvík og Haganesvík.<sup>5</sup> Í sýslu- og sóknalýsingum geta prestar um hafnir og í Hóla- og Viðvíkurprestakalli eru sagðar allgóðar lendingar í Bakkavör, Brimnesvík og sunnanvert við Kolbeinsárós.<sup>6</sup> Í Miklabæjar- og Hofsókn eru hafnir sagðar vera við Hofsósi og Grafarós en besta lendingin við Þönglaskála.<sup>7</sup> Í Fells- og Höfðasóknum eru lendingar sagðar á Bæjarklettum, innan við við Bæjarmöl, í Höfðakrók en þess getið að hún þyki ill vegna þess hve þar er brimasamt. Í Sléttuhlíð eru aðallendingar á Lónkotsmöl og Mýrnavík.<sup>8</sup>

Við Kolkuós var höfn Hólastaðar og verslun fram á 16. öld en þá fluttist verslunin í Hofsósi og var þar eini verslunarstaðurinn í Skagafirði fram yfir miðja 19. öld. Þá var verslun komið á fót í Grafarósi eftir miðja öldina og í lok hennar var aftur farið að versla í Kolkuósi. Verslun í Grafarósi stóð fram til 1915 en verslun var í Kolkuósi fram undir 1940.<sup>9</sup> Haganesvík varð löggiltur verslunarstaður 1897.<sup>10</sup>

Hvergi er getið um landbrot vegna sjávar í jarðabókinni frá 1714 en þar er víða getið um landbrot af völdum fallvatna.<sup>11</sup> Í Sýslu- og sóknalýsingum er því líkt farið en á einum stað getur prestur sérstaklega um að slíkt sé ekki að óttast. Þar segir: „Fyrir utan Hofsósin eru

<sup>1</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 218.

<sup>2</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX; 275. Sjá t.d. sömu heimild: 233; 277-78.

<sup>3</sup> Ö-Lónkot 2, 8

<sup>4</sup> Sýslu og sóknalýsingar II, 154.

<sup>5</sup> Sverrir Páll Erlendsson, 140.

<sup>6</sup> Sýslu og sóknalýsingar II, 126.

<sup>7</sup> Sýslu og sóknalýsingar II, 134.

<sup>8</sup> Sýslu og sóknalýsingar II, 147.

<sup>9</sup> Jarða- og búendatal Skagafjarðasýslu IV, 46; Byggðasaga Skagafjarðar V, 358; 362.

<sup>10</sup> Jarða- og búendatal Skagafjarðasýslu IV, 80.

<sup>11</sup> sjá t.d. Jarðabók frá 1714 bls. 311 um Sléttu. „Túninu grandar Brunná með grjóts áburði til stórskada. Enginu spilli Fljótá með landbroti og grjótsáburði til stórmeina og eyðileggingar, [...]“

Snekkjunaust, 10 hndr., [...]. Viðlík og Ártún að landkostum. Engin landbrot eru hér að óttast. Allgóð lending.<sup>12</sup>

## Um orsakir landbrots

Hafstraumar og sjávarfallsstraumar eru alla jafna svo hægir að þeir megna ekki að rjúfa fast berg en þeir síðarnefndu geta þó í þröngum sundum og á landgrunni orðir nógu sterkir til að rofs af þeirra völdum gæti nokkuð. Bylgjuhreyfing sjávar er afkastamest sjávaraflanna við rof. Áhrifa hennar gætir einkum á grunnsævi með ströndum fram. Einna mestu spjöllin verða þegar djúpar lægðir ganga yfir í stórstraumi en þá hækkar sjávarborð um 1sm fyrir hvert millibar sem þrýstingur lækkar. Mikið tjón getur orðið á skömmum tíma eins og gerðist 8-9. janúar 1799 í mesta stormflóði sem um getur hérlendis. Þá gekk ofsaveður af suðvestri yfir landið á stórstraumi og eyddi m.a. verslunarstaðnum Básenda á Garðskaga.<sup>13</sup> En það er ekki eingöngu sjávarrof sem getur haft áhrif á minjar við ströndina því árrof, vindrof, vindsvörfun og frostþensla hafa einnig áhrif.

## Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spillt þeim á einhvern hátt. Fornleifaskráningu er þó í raun aldrei lokið og staðir geta bæst við síðar sem einhverra hluta vegna hafa farið framhjá skrásetjurum við vettvangsskoðun. Þeim minjum þarf þá að bæta inn á fornleifaskrána. Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði Menningarminjalaga.

Um tilgang Menningarminjalaga segir í 1. g. laga nr. 80 frá 29. júní 2012:

„Tilgangur laga þessara er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lög þessi ná einnig til staða sem tengjast menningarsögu. Lög þessi eiga að tryggja eftir fönngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi, auðvelda aðgang og kynni þjóðarinnar af menningarminjum og greiða fyrir rannsóknum á þeim.“

3. gr.

### *Fornminjar.*

Fornminjar samkvæmt lögum þessum eru annars vegar forngripir og hins vegar fornleifar. [...] Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

<sup>12</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar II*, 138.

<sup>13</sup> Þorleifur Einarsson, 174-175.

- a. búsetulandslag, skruðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhusa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

6. gr.

#### *Rannsóknir á fornleifum.*

Með fornleifarannsókn er átt við vísindalegt starf sem unnið er til að stuðla að aukinni þekkingu á fornleifum, sem þegar er vitað um eða líklegt er að finnast muni, eða til að ganga úr skugga um hvort um þess háttar fornleifar sé að ræða á tilgreindu rannsóknarsvæði. Fornleifarannsókn felst meðal annars í vettvangsskráningu fornleifa, rannsókn og könnun fornleifa án jarðraskis og hvers kyns jarðraski sem fram fer í þeim tilgangi að afla aukinnar þekkingar á fornleifum. Fornmínjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands (Heimasíða Alþingis. <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðuð þann 25.03.2013).

#### **Aðferðarfræði**

Fornleifaskráning hefst á því að farið er í gegnum ritheimildir svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og mínjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina mínjar eða svæði þar sem líklegt er að mínjar finnast. Í þessu tilviki var gengið með strandlínu jarðanna og mínjar sem lágu við eða í nágrenni hennar skráðar. Skráð var um 100m breitt svæði við strandlengjuna en mínjar sem lágu við eða skammt utan svæðisins voru einnig teknar með í skráningunni. Þær mínjar fá að fylgja með í skýrslunni þar sem óvíst er hvort eða hvenær skráning fer aftur fram á svæðinu.

Í skýrslunni fá allar fornleifar auðkennisnúmer og hlaupandi númer, t.d. fá sjóbúðartóftir í landi Voga númerið 21 (auðkennt Vogar - 21). Það númer er notað þegar vísað er til fornleifa

í texta og á kortum. Einnig fá þær minjar þar sem staðsetning er þekkt svokallaðar kennitölur [Fvnr.] en það er auðkennisnúmer sem að hver fornleif fær í gagnagrunni Minjastofnunar Íslands en hún hefur yfirumsjón með minjavörslu á landinu. Til dæmis er kennitala fyrir Voga - 21, 14528.

Reynt er að leggja mat á um hvaða tegund minja er að ræða, þ.e. híbýli manna, sjóhús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa, s.s. jarðrækt eða landrofi. Hættumat kann að breytast síðar vegna aukinnar eða minnkaðrar hættu. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: [www.minjastofnun.is](http://www.minjastofnun.is). Þá er reynt að leggja mat á aldur minjanna í grófum dráttum og það birt í töflu aftast í skýrslunni. Þar sem heimildir eru um aldur minja er þess sérstaklega getið, annars staðar er aldur áætlaður út frá útliti og ástandi, auk gróðurfars og grósku í og við minjarnar. Ástand getur verið fjölbreytt eftir aðstæðum, minjar fallið og troðist út á skömmum tíma meðan aðrar haldast stæðilegar um langan aldur. Gróðurfar er oft betri vísbending, þar sem minjar geta verið grænni og gróskumeiri en umhverfið í allt að tvö til þrjú hundruð ár, en fara eftir það að samlagast umhverfinu betur. Það verður því að taka þessum áætlaða aldri með fyrirvara.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með nákvæmu GPS tæki (Trimble ProXrs) sem gefur nákvæmni með undir metra í skekkju. Grunnflötur og útlit minjanna var mælt upp með gps tækjum eða punktur tekinn eftir atvikum. Þessar teikningar, punktar og línur voru færð inn á loftmyndir frá Loftmyndum ehf. í eigu Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Minjar sem ekki sjást á yfirborði en traustar heimildir eru fyrir hvar hafi staðið, s.s. minjar sem heimildamenn töldu sig geta staðsett með öryggi, voru sömuleiðis hnitsettar en þar má gera ráð fyrir allt að 50m skekkju.

Yfirlitsmyndir af stærri minjasvæðum er að finna aftast í skýrslunni, auk töflu þar sem allar helstu upplýsingar um einstakar minjar koma fram: Sérheiti ef um slíkt er að ræða, hlutverk, tegund, ástand, hættumat og hættuorsök, áætlaður aldur o.s.frv. Þá er staðsetning minjanna gefin upp í töflunni í Ísnetshnitum (ISN93).

## Hættumat

Við hættumat var farið að mestu eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands. Þar er hættumat flokkað í þrjú eftirfarandi flokka:

**Engin hættu.** Engin eða mjög lítil augljós hættu er á því að fornleifarnar verði fyrir raski í náinni framtíð af náttúrulegum eða manna völdum.

**Hættu.** Fornleifarnar eru á athafnasvæði eða rofssvæði þar sem hættu á röskun er fyrirsjáanleg.

**Mikil hættu.** Fornleifarnar eru þegar farnar að skemmast og liggja undir ágangi manna, dýra eða náttúru. Bregðast verður skjótt við svo fornleifarnar verði ekki fyrir frekari röskun.

Eftir skráningu á vettvangi og viðtöl við heimildamenn þótti ljóst að minjar, sem eru á svæðum þar sem hvað mest landbrot er, geta verið í mikilli hættu þó þær séu nokkra metra frá



sjávarbrún enda geta nokkrir metrar af landi horfið í einu við verstu skilyrði. Því var ákveðið að þar sem landbrot virtist mest þá eru minjar skráðar í **mikilli hættu** ef þær eru innan við 10m frá sjávarbrún en minjar í hættu geta verið allt frá 0-50m frá brún. Það er ljóst að ef landbrot heldur áfram eins og það hefur verið undanfarna 5-6 áratugi þá geta tugir metra lands horfið í sjó og þá eru minjar lengra frá sjávarbrún í hættu.

## Lón - söguágrip

Lóns er fyrst getið í áreiðargjörð Arngríms Brandssonar frá árinu 1351 þar sem fjallað er um landamerki milli jarðanna Bakka og Lækjar í Viðvíkursveit.<sup>14</sup> Jörðin er þá líklega þegar komin í eigu Hólastóls en hennar er næst getið í ráðsmannsreikningum frá Hólum frá 1388.<sup>15</sup>

Í jarðabók frá 1714 segir: „Þessi jörð á til sjáar og hefur hjer fyrrum útræði verið, en nú brúkast ei.“ Hlunnindi hafa verið af sels-, silungs- og fuglsveiði auk reka og sölvafjöru.<sup>16</sup>

Landbrot fyrir Lónslandi jókst þegar að brú var gerð við austurós Héraðsvatna en hún hefur breytt rennsli vatnanna (Munnl. heimild. Gunnar Þórðarson 02.08.13).

## Fornleifaskráning

Engar minjar fundust í landi Lóns en samkvæmt heimildamanni var hafður bátur í Bakkakrók (Munnl. heimild. Gunnar Þórðarson 02.08.13) en það mun líklega vera naust það sem skráð er Bakki (146403 278-84)-1 í *Strandminjar við austanverðan Skagafjörð* 1. áfangi (bls. 8) sem gefin var út af Byggðasafni Skagfirðinga 2013.

---

<sup>14</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn III*, 54.

<sup>15</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn III*, 409.

<sup>16</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX*, 282.

## Kolkuós - söguágrip

Kolkuós var aðalverslunarhöfn Skagfirðinga á landnámsöld og fram á þá 16. þegar verslun fluttist í Hofsó. <sup>17</sup> Verslun hófst þar aftur á síðasta áratug 19. aldar og voru þar um tíma fjórar verslanir. Verslunarhúsin voru eftir notkun annaðhvort rifin eða flutt annað. <sup>18</sup> Árið 1891 fluttust hjónin Tómas Ísleiksson og Guðrún Jóelsdóttir í Kolkuós og eru þau talin fyrstu ábúendur þar. Þau fluttu til Vesturheims 1903. <sup>19</sup> Verslun var í Kolkuósi fram undir 1940. <sup>20</sup> Jörðin fór í eyði 1985. <sup>21</sup>

## Fornleifaskráning



Mynd 1. Hleðsla nr. 1. Í Kolkuósi gætir landbrots af völdum sjávar og er þessi nýlega komin í ljós.

um 30sm há. Ofan á er þó nokkur jarðvegur, um 20-40sm upp í grasrót og í honum er m.a. sjávarmöl.

### Kolkuós-1

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat:** Mikil hættu.

Minjarnar eru í rofnum sjávarbakka, undir jarðvegi, og eru nýlega komnar í ljós vegna landbrots af völdum sjávar.

### Staðhættir

Grjóthleðsla sést í rofi í sjávarbakka um 50m norðvestur af gamla íbúðarhúsinu í Kolkuósi.

### Lýsing

Hleðslan er 4m á lengd, ein- og tvöföld steinaröð sem liggur frá norðri til suðurs, hún er mest

<sup>17</sup> Byggðasaga Skagafjarðar V, 358.

<sup>18</sup> Skagafirðingabók 12. bindi, 13-14.

<sup>19</sup> Byggðasaga Skagafjarðar V, 355.

<sup>20</sup> Sama heimild, 362.


<sup>21</sup> Sama heimild, 369.

## Melstaður-söguágrip

Melstaður er nýbýli úr Óslandi, byggt árið 1925: „Gekk þá allstórt land frá Óslandi til þess býlis, svo sem allt Óslandsnesið og sneið sunnan af landi jarðarinnar upp til fjalls, en sameiginleg beit í fjallinu.“<sup>22</sup>

Í jarðamati 1714 segir um Ósland: „Heimræði er um hausttíma alleina, og þó því eins og fiskur gáangi grunt inn í Skagafjörð.“<sup>23</sup> Um Ósland segir í fasteignamati frá 1916-18: „Fjörubeit nokkur. [...] Jörðin hefur talsverð hlunnindi af silungs og síldarveiði.“<sup>24</sup>

## Fornleifaskráning



### Melstaður-2

**Hlutverk:** Íshús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hætta. Minjarnar eru í gili upp af Óslandskrók og það langt frá sjó að þær eru ekki taldar í hættu í nánustu framtíð.

### Staðhættir

Tóft er í suðurhlíð gils sem liggur upp af svonefndum Óslandskrók, tæplega 200m norðvestur af bæjarhúsum á Melstað.

### Lýsing

Tóftin er 6x7,5m að utanmáli. Veggir eru þykkir, allt að 2m breiðir og mest um 170sm háir. Þeir eru algrónir grasi.

### Melstaður-3

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Gata

**Hættumat:** Hætta. Minjarnar eru í gili upp af Óslandskrók þar sem að landbrot er nokkurt.

### Staðhættir

Gata liggur niður gil sem liggur niður í Óslandskrók norðvestur af bæjarhúsum á Melstað.

### Lýsing

Gatan liggur frá túnjaðri í austri niður eftir gilinu, sunnan við íshústóft sjá nr. 2. Hún er um 120m á lengd og endar við vegslóð sem liggur þvert á hana neðst í brekkunni. Mesta breidd er um 2m og á kafla virðist gatan vera upphlaðin.

<sup>22</sup> Ö-Ósland, 2.

<sup>23</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 233.

<sup>24</sup> Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. Fasteignamat 1916-1918 –undirmat; Skagafjarðarsýsla. Ósland nr. 43, bls. 106-107. Skoðað þann 09.01.2013.

## Ósland - söguágrip

Óslands er fyrst getið í Íslendinga sögu Sturlungu. Það var árið 1238 er þangað fluttist einn fylgismanna Kolbeins unga, Þórólfur Bjarnason að nafni.<sup>25</sup> Árið 1703 voru 7 til heimilis á Óslandi En að jafnaði voru yfir 10 í heimili fram til 1920 en mest voru 16 árið 1880.<sup>26</sup>

Í jarðabók frá 1714 segir um Ósland: „Silungsveiðivon af sjóreyður er gagnvænleg á sumartíma, en iðkast lítt. Heimræði er um hausttíma alleina, og þó því eins að fiskur gáangi grunt inn í Skagafjörð. Selveiðivon lítil, heppnast allmisjafnt og sjaldan til gagnsmuna. Rekavon lítil. Sölvafjara hefur að gagni verið, iðkast lítt og er mest af reka.“<sup>27</sup> Nú tilheyrir aðeins lítill hluti þessa lands Óslandi en merki milli Óslands og Melstaðar liggja um Óslandskrók. Í fasteignamati frá 1916-18 eru sögð talsverð hlunnindi af silungs- og síldarveiði og fjörubeit er sögð nokkur.<sup>28</sup>

Jarðirnar Undhóll, Brekkukot, Torfhóll og Háagerði tilheyrðu áður Óslandi.<sup>29</sup>



Mynd 2. Horft er til norðurs eftir sjávarbökkum í landi Óslands.

Samkvæmt heimildamanni, Guðmundi Jónssyni bónda í Óslandi er landbrot lítið fyrir því landi sem tilheyrir Óslandi í dag (Munnleg heimild. Guðmundur Jónsson 02.08.13).

### Fornleifaskráning

Engar minjar fundust í landi Óslands.

<sup>25</sup> Sturlunga saga I, 442.

<sup>26</sup> Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. [www.manntal.is](http://www.manntal.is). Skoðaður þann 01.08.2013.

<sup>27</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 233.

<sup>28</sup> Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. Fasteignamat Skagafjarðarsýslu 1916-1918. Ósland nr. 43. [www.handrit.is](http://www.handrit.is). Skoðaður þann 06.08.2013.

<sup>29</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 234-35.

## **Brekkukot (Syðri-Brekka/Brekka)-söguágrip**

Brekkukot tilheyrði upprunalega Óslandi en hefur snemma verið skipt úr heimajörðinni því þess er fyrst getið í bréfi frá 1395 þar sem að Hólabiskup kaupir jarðirnar Bakka og Læk af Halldóri Arngeirssyni fyrir Syðri- og Ytri-Brekkur í Óslandshlíð (Nú Bakkakot og Tumabrekka). Syðri-Brekka kemur aftur fyrir í eignaskiptabréfi frá 1464 þar sem Snjólfur Brandsson fær til sinnar eignar jarðirnar Ósland á 60 hndr., auk Syðri-Brekku (Brekkukots) og Hóls (Undhóls) fyrir 20 hndr. Árið 1703 bjuggu 7 í Brekkukoti sem þá tilheyrði Höfðastrandahreppi.<sup>30</sup>

Samkvæmt heimildamanni Halldóru Magnúsdóttur hefur lítið landbrot verið fyrir landi Bakkakots en hefur heldur verið að aukast og fjaran framan við sjávarbakkana að minnka. Landbrot er að hennar sögn frekar á jörðunum norðan við Bakkakot eins og í Miðhúsalandi þar sem sjávarbakkarnir eru lægri (Munnleg heimild. Halldóra Magnúsdóttir. 02.08.13).

## **Fornleifaskráning**

### **Brekkukot-4**

**Sérheiti:** Glúmshaugur

**Hlutverk:** Munnmæli

**Tegund:** Hóll

**Hættumat:** Engin hættu.

### **Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Niðri við sjóinn, skammt frá Einbúa, eru þrjú gil, sem nefnast öll Þrígil. Syðsta gilið er stærst og heitir Glúms- eða Glaumsgil. Eftir því fellur Glúmslækur. Neðst í því er melhóll, sunnan við lækinn, og heitir hann Glúmshóll eða Glaumshóll. Þau munnmæli fylgja þessu örnefni, að þar sé Þorbjörn glaumur heygður, sá er var með Gretti í Drangey.“ (Ö-Ósland 2, 2).

### **Lýsing**

Melhóll sá sem nefndur er Glúmshaugur er náttúrulegur og engin mannvirki sjást á honum.

---

<sup>30</sup> Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. [www.manntal.is](http://www.manntal.is). Skoðaður þann 02.08.2013



Mynd 3. Horft er upp Glúmsgil til norðausturs.

mót suðri er garðlag.

#### Lýsing

Garðlagið er 8x8m að utanmáli og virðist hafa verið grafið inn í brekkuna og mögulega hefur verið hlaðið upp við sniðið. Veggir eru mest um 60sm háir.

#### Brekkukot-6

**Hlutverk:** Óþekkt, mógröf, torftaka

**Tegund:** Niðurgröftur

**Hættumat: Hætta.** Minjarnar liggja fram á sjávarbakka þar sem landbrots af völdum sjávar virðist þó ekki gæta mikið.

#### Staðhættir

Á sjávarbakka, um það bil miðja vegu fyrir landi Brekkukots er niðurgröftur.

#### Lýsing

Niðurgröfturinn er markast af kanti til austurs sem er í túnjaðri. Hann er mest um 80sm hár og þar gæti mögulega hafa verið tekið mór eða torf.



Mynd 4. Horft er eftir sjávarbakkanum til suðurs og fremst á myndinni er niðurgröftur sem mögulega gæti verið mógrafar eða torftökusvæði.

#### Brekkukot-5

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat: Engin hættu.**

Minjarnar liggja um 25m frá sjó en landbrot virðist ekki vera mikið á þessu svæði. Þó segir heimildamaður að landbrot af völdum sjávar fyrir landi Brekkukots fari vaxandi (Munnl. Heimild Halldóra Magnúsdóttir).

#### Staðhættir

Neðst í svonefndu Glúmsgili, norðan Glúmsslækjar í brekku

## Tumabrekka (Ytri-Brekka)- söguágrip

Jarðarinnar er fyrst getið í ráðsmannsreikningum Hólastóls frá 1388, þar ritað Brekka.<sup>31</sup> Árið 1703 voru 5 til heimilis á Tumabrekku, þá var jörðin einbýli en jafnan var tvíbýli þar fram á 20. öld.<sup>32</sup>

Í jarðabók frá 1714 segir: „Heimræði má hjer valla kalla nema um hásumar þegar fiskigengt er, því undansátur er ekkert fyrir skip, ef sjáfargang ber að sem hætt er við.“<sup>33</sup> Í fasteignamati 1916-18 segir að jörðin eigi tilkall til ½ reka fyrir Miðhúsalandi á móti kúabil til Miðhúsa.<sup>34</sup>

## Fornleifaskráning

### Tumabrekka-7

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Gata

**Hættumat:** Mikil hætt.

Minjarnar liggja fram á sjávarbakka og er hluti þeirra horfinn.

### Staðhættir

Gata liggur meðfram sjávarbakkanum í landi Tumabrekku og nær yfir í land Miðhúsa.

### Lýsing

Gatan er gróin en vel greinileg, mest um 1,5m á breidd. Á köflum er vel hægt að ganga eftir henni en annars staðar er



Mynd 5. Gatan liggur eftir sjávarbakkanum. Horft er til SSA.

hún mjög tæg og hverfur á köflum. Hún er alls um 360m á lengd. Gatan liggur norður/suður en óvíst er hversu langt hún hefur upphaflega náð og eru hlutar hennar horfnir.

<sup>31</sup> Íslenzkt fornbréfasafn III, 411.

<sup>32</sup> Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. [www.manntal.is](http://www.manntal.is). Skoðaður þann 01.08.2013.

<sup>33</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 236.

<sup>34</sup> Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. Fasteignamat Skagafjarðarsýslu 1916-1918. Tumabrekka nr. 34. [www.handrit.is](http://www.handrit.is). Skoðaður þann 06.08.2013.



## Miðhús-söguágríp

Miðhúsa er fyrst getið árið í rekaskrá Hólastaðar frá 1374 en þar segir að Hólar eigi allan reka fyrir Bakka ofan í frá Miðhúsum.<sup>35</sup> Þarna er einnig getið jarðarinnar Bakka sem síðar, líklega á 15. eða 16. öld, er sameinuð Miðhúsum ásamt Bakkakoti en kotsins er fyrst í kaupbréfi frá 1395. Á Miðhúsum eru árið 1703 skráðir 12 til heimilis.<sup>36</sup> Í jarðabók frá 1714 segir: „Heimræði ekki, því lending vantar.“<sup>37</sup>

## Miðhúsagerði

Í sóknalýsingu frá 1839 segir að Miðhúsum fylgi hjáleiga sem þá var komin í eyði, nefnd Bakki.<sup>38</sup> Í jarðamati 1714: „Midhusagierde heitir nú almennilega sýnilegt eyðiból, þar eru girðingar miklar og stórt túnstæði, segja menn það hafi áður jörð verið og heitið Backe á Böckum. Túnstæði er mjög í hrjóstur komið, og vildi kosta stórerfiði að rækta það aftur, þar með vantar hjer vatn, so fyrir því má ekki byggja, nema því væri til veitt með stórkostnaði, yrði þá jörðin Miðhús því rýrari fyrir óbærilegrar landþröngvar sakir. Nú hefur jörðin jörðin Miðhús alla grasnautn á þessu eyðibóli og þykist hvergi missa mega.“<sup>39</sup> Miðhúsagerði og Bakki eru þó ekki sömu býlin því að árið 1833 eru Miðhús seld ásamt hjáleigunum Miðhúsagerði og Bakka. Því verður að telja líklegt að bæjarstæði Bakka sé ófundið, en hjáleigan Miðhúsagerði sé jafnvel sama býlið og Bakkakot og hafi verið nærri þar sem sumarhúsið Gerði stendur í dag (Úr óprentuðu handriti VII. bindis Byggðasögu Skagafjarðar).



Mynd 6. Horft í átt að Reykjarhóli í ágúst 2013. Glögglega sést að mikið hefur brotið af hólnum til vesturs (vinstri á mynd) og nú eru malarbakkar niður að sjá þar sem hóllinn var áður gróinn.

Samkvæmt heimildamanni Halldóru Magnúsdóttur frá Brekkukoti er landbrot meira fyrir Miðhúsalandi en á jörðunum sunnanvið; Óslandi, Brekkukoti og Tumabrekku. Til dæmis hefur brotið töluvert af Reykjarhóli sem er á merkjum Miðhúsa og Grafar. Þar man Halldóra eftir því að vinnuflokkur hélt til í tjöldum sínum framan við hólinn þar sem í dag er ógróinn malarbakki næstum niður undir sjó.

<sup>35</sup> Íslenskt fornbréfasafn III, 278.

<sup>36</sup> Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. [www.manntal.is](http://www.manntal.is). Skoðaður þann 01.08.2013

<sup>37</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 236.

<sup>38</sup> Sýslu- og sóknalýsingar II, 138.

<sup>39</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 236-7.

## Fornleifaskráning

### Miðhús-8

**Sérheiti:** Miðhúsaklif

**Hlutverk:** Uppsátur

**Tegund:** Heimild

#### Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Miðhúsaklif. Það er syðst á sjávarbakkanum við landamerki Tumabrekku. Þar var uppsátur fyrir smábáta 1-2 (færabáta).“ (Ö-Miðhús, 2).

#### Lýsing

Engin mannvirki fundust þarna aðrar en götur (sjá nr. 9) sem liggja með sjávarbakkanum. Hnit voru tekin samkvæmt lýsingu í örnefnaskrá.



Mynd 7. Myndin er tekin til norðurs í átt að merkjum Tumabrekku og Miðhúsa.

**Miðhús-9** (sama og Tumabrekka 7)

**Hlutverk:**

**Tegund:** Gata

**Hættumat:** Mikil hættu. Minjarnar liggja fram á sjávarbakka og er hluti þeirra horfinn.

#### Staðhættir

Gata liggur meðfram sjávarbakkanum í landi Tumabrekku og nær yfir í land Miðhúsa.

#### Lýsing

Gatan er gróin en vel greinileg, mest um 1,5m á breidd. Á köflum er vel hægt að ganga eftir henni en annars staðar er hún mjög tæg og hverfur á köflum. Hún er alls um 360m á lengd. Gatan liggur norður/suður en óvíst er hversu langt hún hefur upphaflega náð og eru hlutar hennar eru horfnir.

### **Miðhús-10**

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Gata

**Hættumat:** Engin hætta.

#### **Staðhættir**

Reiðgötur liggja norður Miðhúsaland í átt að Reykjarhóli sem er á merkjum Grafar og Miðhúsalands.

#### **Lýsing**

Reiðgöturnar eru á köflum margar og liggja samsíða frá suðaustri til norðausturs í átt að Reykjarhól og hafa vafalítið á einhverjum tíma legið bæði neðan og ofan við hólinn en sunnan hans er gata (sjá nr. 11) sem liggur á ská niður sjávarbakkann.



Mynd 8. Reiðgötur sem liggja til norðurs, efst til vinstri sér í Reykjarhól og hafa göturnar legið ofan eða austan við hann.



Mynd 9. Gata virðist hafa legið áður neðan eða vestan við Reykjarhólinn. Töluvert hefur brotið af hólnum og er gatan horfin nema á stuttum þar sem nú er vegslóði. Horft er til norðvesturs.

### **Miðhús-11**

**Hlutverk:** Leið

**Tegund:** Gata

**Hættumat:** Mikil hætta.

Minjarnar eru að miklu leyti hornfar vegna landbrots.

#### **Staðhættir**

Sunnan við Reykjarhól er er gata eða endi á götu sem virðist hafa legið niður að sjó eða vestan við Reykjarhólinn. Gatan er að mestu leyti horfin vegna landbrots.

## Miðhús-12

**Sérheiti:** Reykjarhólsvarða?

**Hlutverk:** Náttúrulegt,  
varða?

**Tegund:** Þúst

**Hættumat:** Mikil hættu.

Meintar minjar eru þegar rofnar  
að hluta til vesturs.

### Staðhættir

Efst á Reykjarhól, fram á brún  
hólsins er þúst eða fuglaþúfa.

### Lýsing

Þústin er um 40sm há, grasi og  
mosa gróin og rofin til vesturs  
mót sjónum. Hún er um 40sm  
há og gæti mögulega verið leifar

torfhlaðinnar vörðu. Önnur ummerki um vörðu fundust ekki á hólnum og séu þetta ekki leifar  
Reykjarhólsvörðu er hún að líkindum horfin í sjó.

### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „[...] og þaðan liggja þau í Reykjarhólsvörðu, sem er norðan í  
Reykjarhól, en það er hár og mikill malarhóll fremst á sjávarbakkanum, og má heita, að allur  
hóllinn sé í Miðhúsalandi.“ (Ö-Miðhús, 1-2).



Mynd 10. Þúst á Reykjarhól, sem mögulega gæti verið leifar  
Reykjarhólsvörðu. Horft er til NNV.

## Gröf-söguágrip

Gröf kemur fyrst fyrir í Íslendinga sögu Sturlungu frá 1240 þar sem segir frá Álfi Guðmundarsyni í Gröf sem þótti einn af mestu mönnum þar í sveit.<sup>40</sup> Næst er hennar getið í kúgildisskrá Hólastaðar frá 1449.<sup>41</sup> Í manntali 1703 eru 25 skráðir til heimilis í Gröf, en ásamt húsmóðurinni Ragnheiði Jónsdóttur og vinnufólki er fjöldi fóstur- og uppeldisbarna talinn upp. Árið 1855 virðist jörðin í eyði en annars eru um 10-20 manns í heimili á 19. og fram á 20. öld.<sup>42</sup>

Í jarðamati frá 1714 segir: „Heimræði er gagnvænt á sumur og haust, þá fiskur gengur grunt á Skagafirði. Rekavon lítil.“<sup>43</sup>

## Fornleifaskráning

### Gröf-13

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hóll


**Hættumat:** Engin hætta. Minjarnar eru um 100m frá sjávarbakka þar sem landbrot er nokkurt en vegna fjarlægðar eru þær ekki taldar í hættu í náinni framtíð.

### Staðhættir

Í tiltölulega sléttum móa norðaustur af Reykjarhól er aflangur hóll.

### Lýsing

Hóllinn er 4x9m að utanmáli og um 60sm hár. Hann snýr NNV/SSA og sker sig nokkuð úr umhverfi. Nyrst á honum eru þúfur sem gætu verið veggjaleifar og sunnar er slétt flöt. Óvíst hvort þarna hafi verið mannvirki eða hvort um náttúrulegt fyrirbæri sé að ræða.



<sup>40</sup> *Sturlunga I*, 443.

<sup>41</sup> *Íslenskt Fornbréfasafn V*, 37.

<sup>42</sup> Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. [www.manntal.is/](http://www.manntal.is/). Skoðaður þann 26.02.2013.

<sup>43</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX*, 238.

### Gröf-14

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft


**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru 16m frá sjávarbakka.

**Staðhættir**

Á sjávarbakkanum norður af Reykjarhól er tóft og suðvestan við hana er niðurgröftur.

**Lýsing**

Tóftin er um 4x4m að utanmáli og hafa dyr snúið til vesturs í átt til sjávar. Veggir eru grónir en í suðurvegg sér í grjóthleðslur. Veggir eru 10-20sm háir og mest um 1m á breidd.



### Gröf-15

**Hlutverk:** Óþekkt, torftaka

**Tegund:** Niðurgröftur

**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru 15m frá sjávarbakka.

**Staðhættir**

Á sjávarbakkanum norður af Reykjarhól er tóft (sjá nr. 14) og suðvestan við hana er niðurgröftur.

**Lýsing**

Niðurgröfturinn er um 3m í þvermál og um 15sm djúpur. Hlutverk er óþekkt en mögulega hefur þarna verið tekið torf í tóft nr. 14.



Mynd 11. Hleðsla á sjávarbakka í landi Grafar. Horft er til NNV.

### Gröf-16

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru innan við 10m frá sjávarbakka.

**Staðhættir**

Á sjávarbakkanum um það bil miðja vega milli merkja er grjóthleðsla.

**Lýsing**

Hleðslan virðist ekki mjög gömul en grunnur hennar gæti verið eldri. Hún er um 0,7x1m að grunmáli og 30sm há.

### Gröf-17

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat: Hætta.** Minjarnar liggja fram á sjávarbakka en landbrot af völdum sjávar virðist ekki vera mjög mikið.

#### Staðhættir

Norðarlega í landi Grafar, við sjóinn, er gil sem nefnist Lækjargil og þar rennur bæjarlækurinn til sjávar. Tæplega 300m suður af því, fram á sjávarbakka er garðlag.

#### Lýsing

Garðlagið snýr austur/vestur og er rúmlega 20m á lengd. Það er mjög óljóst en virðist vera manngert og er norðurhlið heldur greinilegri en sú syðri. Garðlagið er mest um 2m á breidd og 20sm hátt.



Mynd 12. Horft er til norðurs. Matjurtagarður nr. 18 er í brekkunni og snýr mót suðri.

og hefur snúið mót suðri. Hann er 5x17m að utanmáli, veggir mest um 40sm háir og um 1m á breidd. Þeir eru grónir og aðeins rofnir, að minnsta kosti að hluta hlaðnir úr grjóti. Norðurveggur er nokkuð hruninn.

### Gröf-18

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat: Hætta.** Minjarnar liggja við sjávarbakka en landbrot af völdum sjávar virðist ekki vera mjög mikið.

#### Staðhættir

Norðarlega í landi Grafar, við sjóinn, er gil sem nefnist Lækjargil og þar rennur bæjarlækurinn til sjávar. Um 240m sunnar er minna gil og í norðurbrún þess er matjurtagarður.

#### Lýsing

Garðurinn liggur austur/vestur

### Gröf-19

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst, mannvistarleifar

**Hættumat: Hætta.** Minjarnar liggja við sjávarbakka en landbrot af völdum sjávar virðist ekki vera mjög mikið.

#### Staðhættir

Norðarlega í landi Grafar, við sjóinn, er gil sem nefnist Lækjargil og þar rennur bæjarlækurinn til sjávar. Um 240m sunnar og á sjávarbakkanum norðan þess er tvennar þústir.

#### Lýsing

Syðri þústin er um 11m á lengd en sú nyrðri um 3 metrar, þær eru um 1m á breidd og 40sm háar. Þústirnar er algrónar grasi og mosa og skera sig nokkuð úr umhverfi þar sem gras á þeim er heldur dekkra en grasið umhverfis. Mögulega eru þetta leifar mannvirkis eð mannvirkja en einnig gæti verið um náttúrulegt fyrirbæri að ræða.





## Pönglaskáli (Nú Vogar)-söguágrip

Pönglaskála er fyrst getið í rekaskrá Hólastaðar frá árinu 1374 þar sem segir segir að Hólastaður hafi átt allan reka með Pönglaskálandi (þar ritað Þumlaskáli).<sup>44</sup>

Árið 1703 voru 8 manns skráðir til heimilis að Pönglaskála en jörðin virðist hafa verið í eyði 1835, 1840 og 1845 en þá eru engir skráðir þar til heimilis og ekki heldur árin 1855 og 1870. Flestir eru heimilismenn árið 1880 alls 16 manns en þá var þar tvíbylí sem og árið 1890.<sup>45</sup>

Í jarðamati frá 1714 segir: „Heimræði er árið um kríng og fiskivon í betra lagi hjer í sveit.“ Þar kemur fram að tvennar sjóbúðir hafi verið en nú báðar í eyði, „grasnytjalausar“ og var leigan „skipsáróður“ til heimabóndans.<sup>46</sup> Í sóknalýsingu frá 1839 segir prestur: „Lengra út með sjónum er Pönglaskáli, 10 hndr., þægðarjörð vegna útræðins en engjalítill og það, sem er, allt saman þýfðir móar.“<sup>47</sup> Um lendingu á Pönglaskála segir hann: „En lending er hér bezt, og mætti í flestöllu tilliti vera nafnfræg, á Pönglaskála.“ Og síðar segir hann að útræði í sókninni sé mest frá Hofsósi, Naustum og Pönglaskála.<sup>48</sup> Í jarðamati frá 1916-18 er fjörubeit sögð nokkur, útræði gott sem og lending.<sup>49</sup>

Jörðin heitir nú Vogar.

## Pönglabakki

Í ornefnaskrá segir: „1894 byggir Baldvin Jóhannsson íbúðarhús niður á sjávarbakkanum, niður undan Pönglaskálabænum, og fékk þar rúma dagsláttu lands, sem hann breytti í tún. Hafði hann og sameiginlega beit fyrir búpening í landi Pönglaskála. Býli þetta kallaði Baldvin Pönglabakka og átti þar heima til dauðadags eða til 1938. Eftir hans dag bjó þar Sigumundur, sonur hans, og kona hans, Efemía Jónsdóttir, til 1951, að þau flytja burt, og fer þá býlið í eyði.“<sup>50</sup> Í manntali frá 1890 voru 6 manns skráðir til heimilis á Pönglabakka sem er skráð þurrabúð og lifir húsbóndi á fiskveiðum.<sup>51</sup>

Birgir Freyr Þorleifsson bóndi í Vogum segir landbrot hafa aukist á undanförunum 10 árum. Þá verði landbrot í suðvestan átt sem ekki var áður. Undanfarna áratugi hafa horfið nokkrir metrar framan við fjárhústóft frá Pönglabakka og eins sjóbúðartóftina. Birgir Freyr gat þess jafnframt að landslag væri mikið breytt þar sem áður voru brattir sjávarbakkar með kindagötum sem lágu niður í fjöru eru núna rofnir bakkar og ekki lengur skjól fyrir fé.

<sup>44</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn III*, 278.

<sup>45</sup> Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. [www.manntal.is](http://www.manntal.is). Skoðaður þann 01.08.2013.

<sup>46</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX*, 259-60.

<sup>47</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar II*, 138.

<sup>48</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar II*, 134; 139.

<sup>49</sup> Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. Fasteignamat Skagafjarðarsýslu 1916-1918. Pönglaskáli nr. 79. [www.handrit.is](http://www.handrit.is). Skoðaður þann 02.08.2013.


<sup>50</sup> Ö-Pönglaskáli, 1.

<sup>51</sup> Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. [www.manntal.is](http://www.manntal.is). Skoðað þann 01.08.2013.



Mynd 13. Landbrot fyrir landi Voga hefur aukist á síðustu 10 árum og þá einkum í suðvestan átt.

## Fornleifaskráning



### Vogar-20

**Sérheiti:** Ingutóttir

**Hlutverk:** Óþekkt, híbýli

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hættu. Minjarnar eru örfáa metra frá sjávarbakka þar sem landbrot er töluvert.

#### Staðhættir

Tæplega 60m SSA af fjárhúsunum í Vogum er tóft.

#### Lýsing

Tóftin er um 3x3m að utanmáli og virðast dyr hafa snúið til norðurs. Hún er ógreinileg í þýfðu landslagi og veggir eru komnir í þúfur. Þeir eru um 30sm háir og mest um 1m á breidd, grasi grónir.

#### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir „Ingutóttir. Sést þar aðeins fyrir ævagömlum veggmótum, og er um Ingutóttir gömul munnmælasaga, að þar hafi

búið einsetukona, kölluð Inga. Hafi hún átt að fara með handfæri sitt fram á Inguhlein og kastað fram af, og aldrei brugðizt veiði, þó sjómenn teldu fiskilaust á Skagafirði. Ingutóttir eru á bakkanum ofan við Inguhlein.“ (Ö-Pönglaskáli, 2).



Mynd 14. Sjóbúðartóftin á Þönglabakka (nú Vogum). Eftir miðja 20. öld voru húsini notuð sem fjárhús. Landbrot hefur verið töluvert þarna og stóraukist á síðustu 10 árum.

sem þeir eru breiðastir. Grjóthleðslur eru á köflum í sæmilegu ástandi en sumstaðar við það að hrynja. Grind er úr timbri og þak hefur verið klætt bárujárn og tyrft yfir en aðeins er járn á hluta þaksins. Húsið er 7x11m að utanmáli og vestan við það fram á sjávarbakkannum eru leifar steinsteyprar byggingar. Áfast að norðan er önnur bygging torfhlaðin.

#### Aðrar upplýsingar

Grjóthlaðin sjóbúð með jarnþaki (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. Fasteignamat Skagafjarðarsýslu 1916-1918. Þönglabakki nr. 80. [www.myndir.handrit.is](http://www.myndir.handrit.is) Skoðaður þann 02.08.2013). Mögulega er um að ræðasömu sjóbúð og getið er í Þjóðsögunni um Þönglaskálaskrímslið sem birt er í bókinni Þjóðtrú og Þjóðsagnir eftir Odd Björnsson.

#### Vogar-22

**Sérheiti:** Þönglabakki

**Hlutverk:** Sjóhús

**Tegund:** Steinsteypa

**Hættumat:** Mikil hættu. Minjarnar eru á sjávarbakka þar sem að landbrot hefur verið töluvert síðustu 10 árin.

#### Staðhættir

Vestan við sjóbúðina nr. 21 eru leifar steinsteyprar byggingar sem áður var sjóhús Sigmundar Baldvinssonar.

#### Lýsing

Aðeins er eftir hluti norður og austurveggja sem eru í fullri hæð. Norðurveggurinn nær alveg fram á sjávarbakkann og er líklega stutt í að hann fari fram af.

#### Aðrar upplýsingar

Skúr var við sjóbúðina, steinsteyptur og með

#### Vogar-21

**Sérheiti:** Þönglabakki

**Hlutverk:** Sjóbúð

**Tegund:** Hús

**Hættumat:** Mikil hættu.


Minjarnar liggja stutt frá sjávarbakka þar sem að landbrot hefur verið töluvert síðastliðin 10 ár.

#### Staðhættir

Fremst á Syðra-Búðanesi er sjóbúðartóft.

#### Lýsing

Húsið snýr austur/vestur og eru dyr mót suðri. Veggir eru grjóthlaðnir, mest um 2,5m á hæð og tæpir 2m á breidd þar



járnþaki (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. Fasteignamat Skagafjarðarsýslu 1916-1918. Þönglabakki nr. 80. www.myndir.handrit.is Skoðaður þann 02.08.2013).



Mynd 15. Horft er yfir fjárhústóftina til suðurs í átt að sjóbúðartóftinni.

til suðurs og fjárhús með garða til norðurs. Austan við fjárhúsið, áfast því er 4x6m upphækkun þar sem líklega hefur verið eitthvert mannvirki. Veggir eru 30-100sm háir og mest 1m á breidd. Hlaðan liggur heldur lægra en fjárhúsin. Veggir eru grjóthlaðnir bæði í fjárhúsi og hlöðu. Hleðslur í fjárhúsi eru nokkuð hrundar. Sjór hefur brotið af tóftunum til vesturs.

#### Aðrar upplýsingar

Fjárhús og hlaða, byggingarefnis ekki getið (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. Fasteignamat Skagafjarðarsýslu 1916-1918. Þönglabakki nr. 80. www.myndir.handrit.is Skoðaður þann 02.08.2013).



Mynd 16. Steinsteypur grunnur íbúðarhússins á Þönglabakka. Horft er til austurs.

greinilegir en nokkur gróður er innan þeirra.

#### Vogar-23

**Sérheiti:** Þönglabakki

**Hlutverk:** Fjárhús og hlaða

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hættu.

Minjarnar eru á sjávarbakka þar sem landbrot er töluvert og hefur þegar brotið af þeim til vesturs.

**Staðhættir**

Á sjávarbakkanum milli Ytra- og Syðra-Búðaness er fjárhústóft.

**Lýsing**

Tóftin snýr norður/suður og hafa dyr snúið til vesturs í átt til sjávar.

Hún er 9x12m að utanmáli, hlaðan

#### Vogar-24

**Sérheiti:** Þönglabakki

**Hlutverk:** Híbyli

**Tegund:** Steinsteypa

**Hættumat:** Mikil hættu.

Minjarnar eru á nesi sem að brýtur eða hefur brotið af bæði úr norðan og sunnanáttum.

**Staðhættir**

Fram á nesi (Ytra-Búðanesi) er steypur grunnur þar sem að íbúðarhúsið á Þönglabakka stóð.

**Lýsing**

Grunnurinn er 6,5x10m að utanmáli og er um 40sm hár. Útveggir eru

## Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir „1894 byggir Baldvin Jóhannsson íbúðarhús niður á sjávarbakkanum, niður undan Þönglaskálabænum, og fékk þar rúma dagsláttu lands, sem hann breytti í tún. Hafði hann og sameiginlega beit fyrir búpening í landi Þönglaskála. Býli þetta kallaði Baldvin Þönglabakka og átti þar heima til dauðadags eða til 1938. Eftir hans dag bjó þar Sigumundur, sonur hans, og kona hans, Efemía Jónsdóttir, til 1951, að þau flytja burt, og fer þá býlið í eyði.“ (Ö-Þönglaskáli, 1). Í fasteignamati er skráð íbúðarhús með kjallara að mestu úr timbri með járnþaki. Eldhús og fjós eru út torfi (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. Fasteignamat Skagafjarðarsýslu 1916-1918. Þönglabakki nr. 80. www.myndir.handrit.is Skoðaður þann 02.08.2013).



Mynd 17. Tóft nr. 25. Til hægri sést greinilega að brotið hefur af tóftinni. Horft er til vesturs.

### Vogar-25

**Sérheiti:** Þönglabakki

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Mikil hættu.** Þegar hefur brotið af minjunum til norðurs og greinilegt er á rofnum sjávarbakkanum að landbrot hefur verið nokkurt.

#### Staðhættir

Norðanmegin á Ytra-Búðarnesi, um 11m norðaustur af grunni íbúðarhússins (nr. 24), fram á sjávarbrún er tóft sem brotið er af til norðurs.

#### Lýsing

Tóftin er 4x6m að utanmáli en brotið hefur af henni til norðurs og því óvíst hversu stór hún hefur upphaflega verið. Veggir eru 30-60sm háir og rúmlega 1m á breidd. Það sér í grjóthleðslur og eru sumir steinanna frekar stórir. Veggir eru að öðru leyti grasi grónir og arfi er í tóftinni. Útbúnir veggja eru ógreinilegar nema til vesturs.

### Vogar-26

**Sérheiti:** Þönglabakki

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hleðsla og mannvistarleifar

**Hættumat: Mikil hættu.** Minjarnar eru að mestu horfnar og greinilegt er á rofnum sjávarbakkanum að landbrot er nokkurt.

#### Staðhættir

Í brún sjávarbakkans norðanmegin á Ytra-Búðarnesi, um 6m norður af grunni íbúðarhússins (nr. 24) eru hleðsla og mannvistarleifar.

#### Lýsing

Hleðslan er um 3m á lengd og sést aðeins í rofi í sjávarbakkanum. Mannvistarleifar eins og móaska og kol sjást í rofinu.

### Vogar-27

**Sérheiti:** Þönglabakki

**Hlutverk:** Túngarður, girðing

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru innan við 10m frá sjávarbakka þar sem að landbrot hefur verið en minjarnar eru austar en aðrar minjar á Þönglabakka og lengra frá sjávarbakkanum þar sem landbrot er hvað mest.

#### Staðhættir

Tæplega 80m norður af fjárhúsinu í Vogum er garðlag.

#### Lýsing

Garðlagið er líklega undan girðingu og gæti verið leifar af grjótgardi sem nefndur er í fasteignamati. Það er um 20m langt og liggur nokkurn veginn austur/vestur. Það er um 30sm hátt og 1-1,5m á breidd, grasi gróið.

#### Aðrar upplýsingar

Lóð girt með grjótgardi (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. Fasteignamat Skagafjarðarsýslu 1916-1918. Þönglabakki nr. 80. [www.myndir.handrit.is](http://www.myndir.handrit.is) Skoðaður þann 02.08.2013.).

### Vogar-28

**Hlutverk:** Brunnur

**Tegund:** Niðurgröftur

**Hættumat: Mikil hætta.** Minjarnar eru innan við 10m frá sjávarbakka þar sem landbrot er nokkurt.

#### Staðhættir

Um 10m suðaustur af íbúðarhúsgrunninum (nr. 24) á Þönglaskála var brunnur.



Mynd 18. Uppsátur var framan undir sjóbúðatóftinni (nr. 21).

### Vogar-29

**Sérheiti:** Þönglaskálahlein

**Hlutverk:** Uppsátur

**Tegund:** Heimild

#### Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Þönglaskálahlein. Sunnan undir henni bátauppsátur.“ (Ö-Þönglaskáli, 2).

#### Lýsing

Punktur var tekinn samkvæmt lýsingu í örnefnaskrá. Þarna eru engin ummerki um mannvirki.

## **Horfna minjar**

### **Vogar-30**

**Sérheiti:** Þönglaskáli

**Hlutverk:** Sjóbúð

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í jarðamati frá 1714 segir: „Heimræði er árið um kríng og fiskivon í betra lagi hjer í sveit.“ Þar kemur fram að tvennar sjóbúðir hafi verið en nú báðar í eyði, „grasnytjalausar“ og var leigan „skipsáróður“ til heimabóndans (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 259-60*).

#### **Lýsing**

Sjóbúðir þessar eru horfna en ekki ólíklegt að þær hafi verið á öðru hvoru nesinu, þ.e. Syðra-eða Ytra-Búðanesi.

### **Vogar-31**

**Sérheiti:** Þönglaskáli

**Hlutverk:** Sjóbúð

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í jarðamati frá 1714 segir: „Heimræði er árið um kríng og fiskivon í betra lagi hjer í sveit.“ Þar kemur fram að tvennar sjóbúðir hafi verið en nú báðar í eyði, „grasnytjalausar“ og var leigan „skipsáróður“ til heimabóndans (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 259-60*).

#### **Lýsing**

Sjóbúðir þessar eru horfna en ekki ólíklegt að þær hafi verið á öðru hvoru nesinu, þ.e. Syðra-eða Ytra-Búðanesi.

### **Vogar-32**

**Sérheiti:** Þönglabakki

**Hlutverk:** Kofi

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í fasteignamati frá 1917 er getið um tvo litla kofa.

#### **Lýsing**

Ekki er vitað hvar þeir kofar hafa staðið.

#### **Aðrar upplýsingar**

Í fasteignamati frá 1916-18 er getið um tvo litla kofa (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. Fasteignamat Skagafjarðarsýslu 1916-1918. Þönglabakki nr. 80. [www.myndir.handrit.is](http://www.myndir.handrit.is) Skoðaður þann 02.08.2013).

**Vogar-33****Sérheiti:** Þönglabakki**Hlutverk:** Kofi**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í fasteignamati frá 1917 er getið um tvo litla kofa.

**Lýsing**

Ekki er vitað hvar þeir kofar hafa staðið.

**Aðrar upplýsingar**

Í fasteignamati frá 1916-18 er getið um tvo litla kofa (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. Fasteignamat Skagafjarðarsýslu 1916-1918. Þönglabakki nr. 80. [www.myndir.handrit.is](http://www.myndir.handrit.is) Skoðaður þann 02.08.2013).



## Bær-söguágrip

Bæjar er mögulega getið fyrst í „skrá um fjárheimtu og leigufé og sauðatolla Þingeyra klaustrs“ frá árinu 1220 en óvíst er hvort átt sé við Bæ á Höfðaströnd eða jörð sem bar sama nafn.<sup>52</sup> Árið 1388 er Bær kominn í eigu Hólastóls og er þar fyrst getið í ráðsmannsreikningum Hólastóls „um bygging á jörðum staðarins.“<sup>53</sup> Skiptabréf er til frá sama ári þar sem að Hólabiskup skiptir á jörðunum Höfða og Bæ á Höfðaströnd fyrir jarðirnar Ás og Garð.<sup>54</sup>

Í jarðamati frá 1714 segir: „Heimræði ár um kríng sem segir um Þönglaskála. NB. Á báðum þessum jörðum hafa að fornu verið inntökuskip um vordag, sumar og haust, og goldist undirgift til heimabúenda. Rekavon í minsta lagi, vide Þönglaskála. ... Sjómannabúðir hafa hjer 3 verið, þar sem heitir á Bæjarklettum, og gengur þar við inntökuskip þá fiskigengd var.“<sup>55</sup> Í sóknalýsingu Höfðasóknar frá 1868 segir að lending sé á Bæjarklettum, innanvert við Bæjarmöl, „botn sendinn og aðdjúpt, en þröngt inn milli tveggja kletta.“<sup>56</sup>

Í fasteignamati frá 1916-18 segir: „Fjörubeit lítil. Rekaland er lítið og lítil rekavon. Útræði og lending góð. Hlunnindi hefir jörðin, af silungsveiði í sjó, og grunnleigu undir nokkrar þurrabúðir, einnig uppsátur allt þetta má meta til 140 króna árl.“<sup>57</sup>

Á Bæjarklettum var útgerð og búið var í nokkrum húsum. Lending var góð en vart nothæf í dag. Útræði hefur líklega verið frá Bæjarklettum um alla tíð.

## Kotin og Bæjarklettur

Í viðtali við Björn Jónsson frá Bæ árið 1967 segir hann svo frá: „Þarna í kringum Bæ, sem þá var talið með beztu býlunum, þar voru 5 býli, og svo kölluð Bæjarkot – þar voru 7 býli. Allt þetta fólk lifði á fiskveiðum og silungsveiði í Höfðavatni: það hafði engar nytjar af mjólk aðrar en þær, sem það fékk frá okkur í Bæ, en nokkrar kindur munu allir hafa haft. Vitanlega var mikil fátækt þarna og mundu fæstir af núlifandi mönnum trúá því hve breytingin er orðin mikil nú á tímum á því sviði.“<sup>58</sup>

---

<sup>52</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn I*, 397.

<sup>53</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn, III*, 412.

<sup>54</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn, III*, 420.

<sup>55</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX*, 260.

<sup>56</sup> *Sýslu- og sóknalýsingar II*, 147

<sup>57</sup> Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. Fasteignamat Skagafjarðarsýslu 1916-1918. Þönglaskáli nr. 79. [www.handrit.is](http://www.handrit.is). Skoðaður þann 14.08.2013.

<sup>58</sup> *Hamingjan er hinn raunverulegi árangur lífsframvinnunnar*. Í Vísi 30.10.67.

## Fornleifaskráning



Mynd 19. Meint garðlag nr. 34. Horft er til austurs.

### Bær-34

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Garðlag, náttúrulegt

**Hættumat:** Engin hætta.

Minjarnar eru rúmlega 20m frá sjávarbrún þar sem ekki virðist vera landbrot.

**Staðhættir**

Syðst í landi Bæjar, við sjóinn er ræktað tún og norðan við það er mögulega garðlag.

**Lýsing**

Garðlagið sem gæti verið náttúrulegt fyrirbæri, liggur austur/vestur og er samtals

rúmlega 50m á lengd en það virðist vera í tveimur hlutum. Það er gróið og hrúnið og rof er á köflum. Það er alveg þýft, 30-50sm hæð og rúmlega 2m þar sem það er breiðast.

### Bær-35

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft


**Hættumat:** Engin hætta. Tóftin er nálægt klettabrún þar sem landbrot virðist ekki vera mikið.

**Staðhættir**

Fremst á nesi, rúmlega 600m suður af Bæjarklettum er tóft og umhverfis hana er niðurgröftur þar sem torf virðist hafa verið tekið í tóftina.

**Lýsing**

Tóftin er 4x5m að utanmáli og snýr norðvestur/suðaustur. Veggir eru algrónir og þýfðir, 20-50sm háir og mest um metri á breidd. Óvíst er hvert dyr hafa snúið.



### Bær-36

**Hlutverk:** Torftökustaður

**Tegund:** Niðurgröftur

**Hættumat:** Engin hætta. Minjarnar eru fram á klettabrún þar sem landbrot virðist ekki vera mikið.

**Staðhættir**

Fremst á nesi, rúmlega 600m suður af Bæjarklettum er tóft og umhverfis hana er niðurgröftur þar sem torf virðist hafa verið tekið í tóft nr. 35.

### Lýsing

Niðurgrofturinn er um 14m í þvermál og 30sm djúpur. Inn í honum miðjum er tóft og líklega skýring að þarna hafi verið tekið torf í tóftina.

### Bær-37

**Hlutverk:** Torftökustaður

**Tegund:** Niðurgroftur

**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru fram á klettabrún þar sem landbrot virðist ekki vera mikið.

### Staðhættir

Fremst á nesi, rúmlega 600m suður af Bæjarklettum er tóft nr. 35 og fremst á sjávarbakkanum sunnan hennar er niðurgroftur.

### Lýsing

Niðurgrofturinn er um 40m<sup>2</sup> að flatarmáli og 30sm djúpur. Hann er grasi vaxinn með reglulegum köntum og virðist því hafa verið stunginn með verkfærum þó einnig geti verið um náttúrulegt fyrirbæri að ræða. Mögulega hefur verið tekið þarna torf.



Mynd 20. Hleðsla nr. 38, horft ofan frá.

### Bær-38

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru fram á klettabrún þar sem landbrot virðist ekki vera mikið.

### Staðhættir

Fremst á nesi, rúmlega 600m suður af Bæjarklettum er tóft (nr. 35) og sunnan við hana fram á sjávarbrún er hleðsla.

### Lýsing

Hleðslan er úr grjóti og virðist ferhyrnd og er tæpur metri á kant. Hún er að mestu mosa-

gróin en það sér í grjót inn á milli. Óvíst er hvort um manngert eða náttúrulegt fyrirbæri er að ræða.

### Bær-39

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** **Hætta.** Minjarnar eru fram á klettabrún en þar virðist þó landbrot ekki vera mikið.

**Staðhættir**

Á litlu nesi um 150m suður af Bæjarklettum er tóft.

**Lýsing**

Tóftin er um 2x4m að utanmáli og snýr austur/vestur. Engar dyr eru sýnilegar og erfitt er að greina lögun hennar vegna þess að mikill gróður er á henni. Hún er um 30sm há.



Mynd 21. Tóft nr. 39. Engin greinileg lögun sést á tóftinni og mikill gróður er á henni. Horft er til SSA.



Mynd 22. Býlin Sæborg og Bakkabúð eru horfin. Sæborg var elsta býlið en nú er kornakur þar sem það stóð áður.

### Bær-40

**Sérheiti:** Sæborg

**Hlutverk:** Híbyli

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Horfið

**Staðhættir**

Suðaustur af Bæjarklettum þar sem að nú er kornakur, um 40-50m austur af sjávarbakkanum stóð býlið Sæborg.

**Lýsing**

Þar er nú búið að slétta allt út og plægja þar akur og ekkert sér eftir af bænum. Punktur var tekinn eftir ábendingu Hauks Björnssonar (Úr vettvangsferð

Hjalta Pálssonar og Hauks Björnssonar).

### Aðrar upplýsingar

Í handriti af Byggðgasögu Skagafjarðar segir: „Sæborg var löngum aðalbærinn á Bæjarklettum og Sæborg I var fyrsta íbúðarhúsið sem þar var byggt, stór bær að sögn þeirra sem mundu en mun hafa verið aflagður um aldamótin 1900. Bæjarhúsin (65°55'755/19°26'930) stóðu austur og lítið eitt norður af Syðstakletti og Bakkabúð, uppi á háhæðinni. Þar voru töluverðar tóftir þangað til landinu var bylt og árið 2012 er þar kornakur og mótur ekki fyrir neinu.“ Býlið var líklega reist um að upp úr miðri 19. öld. (Úr óprentuðu handriti Byggðasögu Skagafjarðar VII. bindi).

## Bær-41

**Sérheiti:** Bakkabúð

**Hlutverk:** Híbyli

**Tegund:** Heimild

**Hættumat:** Horfið

**Staðhættir**

Á sjávarbakka suðaustur af Bæjarklettum stóð býlið Bakkabúð.

**Lýsing**

Leifar býlisins eru horfnar vegna ræktunar en hnit voru tekinn samkvæmt lýsingu Hauks Björnssonar (Úr vettvangsferð Hjalta Pálssonar og Hauks Björnssonar).

**Aðrar upplýsingar**

Bakkabúð (65°55'748/19°26'968) var húskofi beint upp af Syðstakletti, framundir brún, og mótar ekkert fyrir grundvelli hennar (Úr óprentuðu handriti Byggðasögu Skagafjarðar VII. bindi). Að sögn Björns í Bæ var þetta „lítill og lélegur torfbær. ... Var það bara 1 verelsi, að öllu leyti óinnréttað.“ (HSk. 2129, 4to: eftir Björn í Bæ. Bók 2, bls. 49).



## Bær-42

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Hætta. Minjarnar liggja fram á sjávarbrún og að líkindum hefur rofnað af þeim til suðurs en óvíst er hvort það er af völdum vindrofs eða landbrots.

**Staðhættir**

Sunnanvert á Syðstakletti er tóft.

**Lýsing**

Tóftin liggur fram á sjávarbrún, 5x5m að utanmáli. Veggir eru algrónir, allt að 50sm háir og mest rúmlega metri á breidd. Dyr gætu hafa verið á norðurhlið en þar er veggur á kafla lægri en það er óvíst. Veggir til suðurs eru óverulegir og hefur mögulega brotið af þeim en síðar gróið yfir aftur.

## Bær-43

**Hlutverk:** Matjurtagarður

**Tegund:** Garðlög

**Hættumat:** Mikil hætta. Minjarnar liggja fram á brún þar sem að landbrots gætir.

**Staðhættir**

Miðhús stóðu efst á hól milli Miðkletts og Ystakletts og sunnan þeirra eru garðlög sem samkvæmt heimildamanni voru kartöflugarðar.

### Lýsing

Garðlögin afmarka um 20x15m svæði sem er þó ekki reglulegt að lögun. Veggir eru grasi grónir og 30-50sm háir og um 50sm á breidd. Líklegt er að einhver hluti garðanna til vesturs séu þegar horfnir vegna landbrots.

### Bær-44

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Dæld

**Hættumat: Hætta.** Landbrot er við Bæjarkletta og eru allar minjar þar taldar í hættu vegna nálægðar við sjó.

### Staðhættir

Miðhús stóðu efst á hól á milli Miðhúsakletts og Ystakletts og suðaustan við tóft Miðhúsa (nr. 45) er dæld.

### Lýsing

Dældin er 3x5m að utanmáli og um 20sm djúp, mögulega mannvirkjaleifar.

### Bær-45

**Sérheiti:** Miðhús

**Hlutverk:** Híbyli

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Hætta.** Landbrot er við Bæjarkletta og eru allar minjar þar taldar í hættu vegna nálægðar við sjó.

### Staðhættir

Miðhús stóðu efst á Miðhúsakletti og þar er tóft eða grunnur húss.

### Lýsing

Tóftin er um 30sm djúp og um 7x11m að ummáli. Hún er algróin grasi og þýfð og grjótt er í veggjum en einungis innbrún þeirra er greinileg.

### Aðrar upplýsingar

„Miðhús (65°55'820/19°27'030) stóðu hæst íbúðanna á Bæjarklettum, beint vestur af Sæborg II, uppi á dálítilli hæð, nokkrum metrum vestan við bakkabrún víkunnar norðan við Miðklett. Gengur Miðhúsvík inn í landið, sunnan við Miðhúsahæðina. Þarna eru óreglulegar tóftir en greinileg mannvirki á talsverðu svæði. Miðhús var byggt um aldamótin 1900, upphaflega torfbær að öllu leyti en þó var síðari árin búið að klæða baðstofuna innan upp að sperrum og setja gólf úr timbri. Baðstofan var á að giska 2x5 metrar að stærð. Þar voru þrjú rúm og borð milli rúmmanna. Framan við baðstofuna voru bæjardyr en sunnan við þær var eldhúsið, mjög fornlegt hlóðaeldhús og lélegt orðið að síðustu. Var þá búið til svolítið skot inn í vegginn við dyrnar. Þar eldaði Margrét allan mat á svokallaðri kabyssu og var það eina upphitunin í húsinu.“ (Úr óprentuðu handriti VII. bindis Byggðasögu Skagafjarðar).

### Bær-46

**Sérheiti:** Liljuhús

**Hlutverk:** Híbyli

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Hætta.** Landbrot er við Bæjarkletta og eru allar minjar þar taldar í hættu vegna nálægðar við sjó.

**Staðhættir**

Miðhús (nr. 45) stóðu efst á hól á milli Miðhúsakletts og Ystakletts og í brekkunni austan þeirra er tóft, mögulega leifar Liljukofa.

**Lýsing**

Tóftin snýr norður/suður, 6x11m að utanmáli. Veggir eru um 30sm háir og að nokkru komnir í þúfur. Dyr hafa að líkindum verið til austurs.

**Aðrar upplýsingar**

Austur af eldhúsinu [á Miðhúsi] var lítill kofi. Þar bjó Lilja Ólafsdóttir í 17 ár, 1902-1919. Hún hafði áður verið sambýliskona Jóns Jónssonar „háa“ í Lágubúð. Lilja var dvergvaxin og dyr inn í kofa hennar voru svo lágar að fullvaxinn maður varð að skríða þar inn og ekki var hægt að standa uppréttur er inn kom. Menn vissu vart á hverju hún lifði en ýmsir urðu til að rétta henni soðningu eða hjálparhönd. Óvistlegt var þar inni við grútarlampabirtu á vetrum og fátt innan stokks annað en rúmbælið hennar og hlóðir í öðrum enda kofans. (Syrpur Björns í Bæ 2, bls. 46-47 og 77-81; Horft til baka eftir Jóhannes Sigurðsson: Skagfirðingabók 5, 1970, bls. 202).

**Bær-47**

**Sérheiti:** Sæborg II/Langabúð

**Hlutverk:** Dæld, grunnur

**Tegund:** Heimild

**Hættumat: Hætta.** Landbrot er við Bæjarkletta og eru allar minjar þar taldar í hættu vegna nálægðar við sjó.

**Staðhættir**

Nýibær eða Sæborg yngri stóð austur undir Miðkletti og sést móta fyrir dæld eða húsgrunni þar sem hann stóð.

**Lýsing**

Leifar bæjarins sjást óljóst á yfirborði en þó sér móta fyrir kanti sem er greinilegastur til norður og austurs og innan hans er dæld sem er um 30sm djúp. Mikið gras vex á minjunum.

**Aðrar upplýsingar**

„Síðla árs 1902 giftu sig Guðmundur Ellert Jónsson vinnumaður í Bæ og Björg Jónatansdóttir, Jónatanssonar. Fljótlega upp úr því hófst undirbúningur að byggingu Sæborgar II, sem einnig var kölluð Langabúð og stóð norðaustur af bænum Miðhúsi. Var þetta best byggða íbúðin á Bæjarklettum og síðasta býlið sem búið var í á svæðinu af Þorbjörgu Jónsdóttur, Sveinssonar í Miðhúsi.“ (Syrpur Björns í Bæ, nr. 13, bls. 49-51). Sæborg II var byggð úr torfi og grjóti en timburlangþil að austan og þar var gengið inn í húsið. Svefnhús var innréttað úr timbri en eldhús norður af því, einnig þiljað innan. Þessi íbúð gekk einnig stundum undir nafninu Langabúð og var einna reisulegust íbúðarhúsa á Klettunum (Syrpur Björns í Bæ, nr. 2, bls. 46).



Mynd 23. Grunnur fisk- og verslunarhúss nr. 48. Grunnurinn var fylltur grjóti og mól. Horft er til NNA.

### **Bær-48**

**Hlutverk:** Fisk- og verslunarhús

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat: Hætta.** Landbrot er við Bæjarkletta og eru allar minjar þar taldar í hættu vegna nálægðar við sjó.

### **Staðhættir**

Um 10m suður af sjóbúðatóftum nr. 51.

### **Lýsing**

Hleðslan eða húsgrunnurinn er 5x9m að utanmáli og um 30sm há, húsið hefur snúið norður-suður en dyr voru á austurhlið.

Veggurinn hefur verið fylltur að innan með grjóti og mól. Mikill gróður er á og í kringum vegghleðsluna og austan við er svæði sem er gróskumeira. Áfast að vestan er önnur hleðsla eða grunnur 3x10m að utanmáli, einnig um 30sm há. Þar var skúr og sést hún ekki eins greinilega því gróið er yfir hana.

### **Aðrar upplýsingar**

„Fisk- og verslunarhúsið gamla. Á Bæjarklettum stóð lengi fisk- og verslunarhús (65°55'838/19°27'007) sem Konráð Jónsson reisti þar um það leyti sem hann fluttist búferlum frá Miðhúsum að Bæ. Þetta hús hafði staðið í Grafarósi, þaðan sem Konráð stundaði sjósókn. Notaði hann það sem sjóbúð fyrir skipshöfn sína og geymslu afla og veiðarfæra. Þegar Konráð fluttist í Bæ vorið 1889 reif hann húsið og endurbyggði á Klettunum. Upphaflegur aldur er ekki kunnur en húsið var stórt á þeirra tíma mælikvarða og sér enn grunninn undan því sem hlaðinn var upp úr grjóti í 20-40 cm hæð, um 8 metrar á lengd og 5.30 metrar á breidd. Grunnurinn var fylltur af mól og smágrjóti. Húsið var mjög vel viðað, undirstöður sagaðar úr stórtjám og gólfborð öll úr 8 tommu breiðum borðviði. Upp að dyrum lá skáborð sem gengið var á inn í húsið og var hvorki meira né minna en 14 tommu breitt, sagað úr gildu rauðaviðartré. Yfir húsinu var rishátt loft með gluggum á báðum stöfnum. Á loftinu var oft geymdur harðfiskur.

Í lýsingu Björns í Bæ kemur fram að inngangur væri á austurlanghlið. Norðan dyra var alþiljað stórt pláss, skilið sundur í miðju upp til hálf. Austari hlutinn hafði upphaflega verið notaður sem saltgeymsla en síðar voru þar geymd hert þorskbein sem mikið féll til af og voru jafnvel seld. „Í vestari hlutanum höfðu verði geymd kol og þar man ég eftir ræfli af útskornum skáp sem örugglega hefur verið listasmíði. Síðar var mér sagt, þó ekki hafi ég sönnur á, að þarna hafi verð handbragð Guðmundar í Bjarnastaðahlíð.“ Í suðurhlutanum var geymdur saltfiskur en net og kaðlar héngu á veggjum og í lofti. Áfast vestan undir þessu húsi var yngri skúrbygging með hallandi bárujárnsþaki til vesturs, 8x4 metrar að stærð, alþiljuð og dyr á milli húsanna. Hefur sú bygging náð um það bil metra skemur til norðurs en sem svarar jafnlengd lengra til suðurs. Grunnur skurður hefur verið grafinn meðfram suðurgafli og vesturhlið til að forðast jarðraka. Í norðurenda var geymsla ýmiss konar veiðarfæra og



Drangeyjarúthalds og þar voru spunarokkarnir sem fóru til varðveislu á Þjóðminjasafnið. Konráð í Bæ hafði verslunarleyfi og í suðurhluta þessa húss var krambúðin þar sem höndlað var með almennar nauðsynjar þess tíma, svo sem kaffi, sykur og brennivín. Þar var búðarborðið með opi og hlera yfir þar sem hleypa mátti inn viðskiptavinum en á vegg voru hillur og skúffur. Við suðurhlið var skrifpúltið þar sem viðskiptabókin var færð og önnur gögn voru geymd. Björn minntist einnig á „síðasta vottinn um verslun afa og föður míns en þar var kassi með svokölluðu Fínabrauði eða Nik-nakk eins og þá var kallað. Þegar ég man var brauðið löngu orðið myglað og óætt en einhvern veginn var þessi kassi minning um forna starfsemi.“ Húsið fauk í miklu roki eftir 1960. (Hsk. 2135, 4to: Syrpa Björns í Bæ nr. 8; HSk. 8, 4to: Bændatal í Hofshreppi eftir Pálma Þóroddsson, bls. 12).

#### **Bær-49**

**Hlutverk:** Sjóbúðir

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Fjórar samstæðar sjóbúðir voru skammt utan við Miðhús.

**Lýsing**

Minjarnar eru horfnar en punktur var tekinn samkvæmt lýsingu heimildamanns (Vettvangsferð Hjalta Pálssonar með Hauki Björnssyni).

**Aðrar upplýsingar**

Eina búðina átti Stefán Jóhannesson útgerðamaður: ½ sjóbúð úr torfi, 5x51/2 al. Skúr3x3 al. (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. Fasteignamat Skagafjarðarsýslu 1916-1918. Bær nr. 81. [www.myndir.handrit.is](http://www.myndir.handrit.is) Skoðaður þann 14.08.2013). Önnur var í eigu Jóns Jónssonar í Móhúsi og tvær áttu Bæjarfeðgar. Þær voru torfhlaðnar og loft í þeim þar sem sjómenn gistu iðulega á haustvertíðinni (Hsk. 2129, 4to: Syrpur Björns í Bæ 2, 47).

#### **Bær-50**

**Hlutverk:** Lágabúð

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Hætta.** Landbrot er við Bæjarkletta og eru allar minjar þar taldar í hættu vegna nálægðar við sjó.

**Staðhættir**

Fjórar samstæðar sjóbúðir voru skammt utan við Miðhús.

**Lýsing**

Tóftin er um 6x13m að utanmáli og snýr norður/suður. Hún er afar ógreinileg og mikill gróður á henni og í kringum hana en mótár fyrir útlínum.

**Aðrar upplýsingar**

„**Lágabúð** var næstelsta íbúðin á Bæjarklettum og var ysta íbúðarhúsið. Grunnflötur hennar er á stöðu (65°55'850/19°27'032), norðvestur frá sölubúðinni, svo sem 8 metra frá sjávarbakka Lágabúðarvíkur. Búseta fólks varði þarna í 85 ár en nokkur ár virðist kofinn hafa staðið í eyði“ (Úr óprentuðu handriti VII. bindis Byggðasögu Skagafjarðar). Lágabúð var skammt utan við samstæðu sjóbúðirnar fjórar. Þar var mjög lélegur torfbær og lengi vel moldargólf en þiljað aðeins upp fyrir rúmin. Síðustu árin var þó búið að þilja innan og setja trégólf. Eldamenska fór fram að mestu í öðrum enda baðstofunnar. Eldhús var þar svipað og í Miðhúsi, mjög fornlegt en

þó minna. Þar voru hlóðir og pottar hengdir á krók sem hékk niður úr rjáfri (Syrpur Björns í Bæ 2, bls. 47).



Mynd 24. Sjóbúðartóftir nr. 51. Timburhjallurinn stendur í vestustu tóftinni. Horft er til norðurs.

### **Bær-51**

**Hlutverk:** Sjóbúðir, íshús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Hætta.** Landbrot er við Bæjarkletta og eru allar minjar þar taldar í hættu vegna nálægðar við sjó.

### **Staðhættir**

Austur af Ystakletti er tóft sjóbúða og íshúss.

### **Lýsing**

Tóftin snýr austur/vestur og er 14x15m að utarmáli. Hún skiptist í sex hólf og samkvæmt uppdrætti af húsum á Bæjarklettum hafa verið verið

þrjár sjóbúðir til suðurs en norðan við þær íshús eða eins og segir á uppdrættinum: „Ísgeymslur allmargra sjómanna.“ Frá einni ísgeymslunni er renna sem liggur til austurs og er um 4m á lengd. Veggir eru grjóthlaðnir og standa sums staðar ágætlega en eru á köflum hrundir. Þeir eru 40-180sm háir og mest um 2,5m á breidd. Í vestustu sjóbúðartóftinni er timburhjallur, nokkuð heillegur undir bárujárnsþaki.

### **Aðrar upplýsingar**

Á fyrrnefndum uppdrætti eru ritaðir eigendur sjóbúðanna, talið frá vestri: Kristinn og Jóhannes Egilssynir; Jóhannes í Vatnsenda og austast er sjóbúð Frans Jónatanssonar. Um sjóbúð Frans segir: byggð úr torfi og timbri 6x7 al. Eigandi Franz Jónatansson bóndi í Skálá (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. Fasteignamat Skagafjarðarsýslu 1916-1918. Bær nr. 81. [www.myndir.handrit.is](http://www.myndir.handrit.is). Skoðaður þann 14.08.2013). Í syrpu Björns í Bæ segir að Helgi Ólafsson hafi átt eina búðina í stað Jóhannesar í Vatnsenda (Syrpur Björns í Bæ 2, 48). Um sjóbúð Helga segir: byggð úr torfi og timbri 10x6 al. Eigandi er Helgi Ólafsson húsmáður á Læk í Viðvíkurhreppi. (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. Fasteignamat Skagafjarðarsýslu 1916-1918. Bær nr. 81. [www.myndir.handrit.is](http://www.myndir.handrit.is). Skoðaður þann 14.08.2013). Mögulega hafa þeir báðir verið eigendur að þessari sjóbúð en á mismunandi tímum. Um sjóbúðirnar segir í Syrpu Björns í Bæ: „Beint austur af Lágubúð voru þrjár sjóbúðir: Helgabúð, eign Helga Ólafssonar húsmanns á Læk í Viðvíkursveit 1890-1915. Hann stundaði lengi sjósókn af Bæjarklettum og gerði þaðan út sexæringinn Farsæl, smíðaðan á Sauðárkróki 1896, 1,81 brúttótonn. Helgi var bróðir Lilju í Liljukofa. Búð Kristins og Jóhannesar Egilssona á Syðra-Ósi var önnur í þessari sambyggingu, hin þriðja Fransbúð sem Frans Jónatansson í Málmei átti. Timburpil var á öllum þessum húsum og loft eins og í hinum búðunum. Frans bjó oft tímum saman í búð sinni sem var 3x4 metrar að flatarmáli, byggð um 1915.“ (Syrpur Björns í Bæ 2, bls. 48).



Mynd 25. Niðurgröftur nr. 52.

### Bær-52

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Niðurgröftur

**Hættumat: Hætta.** Landbrot er við Bæjarkletta og eru allar minjar þar taldar í hættu vegna nálægðar við sjó.

### Staðhættir

Austur af Ystakletti er tóft sjóbúða og íshúss (nr. 51) og norðaustan við hana er niðurgröftur.

### Lýsing

Niðurgröfturinn er tæplega 4m í þvermál og um 70sm djúpur.

### Bær-53

**Hlutverk:** Gangspil

**Tegund:** Tréverk

**Hættumat: Hætta.** Landbrot er við Bæjarkletta og eru allar minjar þar taldar í hættu vegna nálægðar við sjó.

### Staðhættir

Austur af Ystakletti og um 5m norðvestur af sjóbúðatóft nr. 51 eru tveir staurar sem eru leifar gangspils.

### Lýsing

Staurarnir eru um 40sm háir og blökk liggur enn við annan þeirra.

### Aðrar upplýsingar

Í Sýrpum Björns í Bæ kemur segir: „Sunnan við naustin var öflugt gangspil með fjórum örmum sem menn gengu á þegar verið var að draga upp bátana. Öflugir staurar voru grafnir niður, hvor sínum megin við ásinn og blakkir festar neðst í hvorn staur sem stálvírinn rann í gegnum. Spilásinn vildi eyðast fljótt og voru því negldir á hann eikarlampar til slits.“ „Trausti var nokkru minni og oftast lengur í róðrum á haustin og eftir haustvertíð var hann settur á sama hátt og Valurinn. Stóðu þeir síðan yfir veturinn í naustum sínum hlið við hlið, njörvaðir niður og bundnir í stólpa sem notaðir voru þegar niður var sett að vori.“ (Hsk. 2146, 4to: Sýrpur Björns í Bæ nr. 13, bls. 21-26).



Mynd 26. Hluti gangspilsins er enn á sínum stað. Við hægri staurinn sést í blökk. Horft er til norðvesturs út Bæjarvíkina að Þórðarhöfða.



Mynd 27. Horft er til austurs heima að Bæ. Gróskumiklu svæðin fyrir miðri mynd eru tóftir beitningaskúranna og til hægri aftan við timburhjallinn stóðu áður naust.

erfitt að greina útlínur nákvæmlega en gras er heldur grænna en umhverfis og skera þeir sig þannig úr umhverfi. Aðeins er hægt að greina útbrúnir og er vesturhliðin mun greinilegri en sú austari. Austan við er gras einnig dekkra en þar mótar ekki fyrir neinum veggjalögum.

#### **Aðrar upplýsingar**

Beitningaskúrarnir voru úr timbri samkvæmt Hauki Björnssyni (óútgefið handrit Byggðasögu Skagafjarðar VII).

#### **Bær-55**

**Hlutverk:** Beitningaskúr

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat: Hætta.** Landbrot er við Bæjarkletta og eru allar minjar þar taldar í hættu vegna nálægðar við sjó.

#### **Staðhættir**

Austur af Ystakletti eru tvennir grunnar beitningaskúra og er sá vestari um 25m norðvestur af sjóbúðatóft nr. 51.

#### **Lýsing**

Grunnurinn er um 4x4,5m að utanmáli og um 30sm hár. Mikill gróður er á honum og hann því fremur óljós en sker sig úr umhverfi vegna þess að gras er dekkra að lit.

#### **Aðrar upplýsingar**

Beitningaskúrarnir voru úr timbri samkvæmt Hauki Björnssyni (óútgefið handrit Byggðasögu Skagafjarðar VII).

#### **Bær-54**

**Hlutverk:** Beitningaskúr

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat: Hætta.** Landbrot er við Bæjarkletta og eru allar minjar þar taldar í hættu vegna nálægðar við sjó.

#### **Staðhættir**

Austur af Ystakletti eru tvennir grunnar beitningaskúra og er sá austari um 15m vestur af sjóbúðatóft nr. 51

#### **Lýsing**

Grunnurinn er 2x5m að utanmáli og um 40sm hár.

Mikill gróður er á honum og



Mynd 28. Fremst á myndinni eru leifar gangspilsins og þar aftan við sést í Bæjarvík þar sem að lendingin var. Horft er til norðvesturs.

## Bær-56

**Sérheiti:** Bæjarklettur

**Hlutverk:** Lending

**Tegund:** Heimild

**Hættumat: Hætta.** Landbrot er við Bæjarkletta og eru allar minjar þar taldar í hættu vegna nálægðar við sjó.

### Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Klettur þessir heita Syðstiklettur, Miðklettur og Yztiklettur, og norðan við hann er Bæjarvík, þar sem nú er bátalending.“ (Ö-Bær, 3).

### Lýsing

Lending í Bæjarvík hefur tekið

miklum breytingum á síðustu öld en þar hefur sjórinn borið mól og grjót inn í víkina svo að aðstaða til lendinga er ekki lengur fyrir hendi.

### Aðrar upplýsingar

Í dagbók Björns í Bæ segir frá ofsaveðri 1934: „Í þessu ofsafengna brimi breyttist lendingin í Bæjarvík svo að hún var varla þekkjanleg frá fyrra horfi. Hið gamla bátalægi tók næstum af þar sem Bæjarmölin hafði færst fram um tugi metra og lokaði alveg hinu stóra lóni þar sem bátar höfðu áður legið við festar. Svo mikill sjór gekk yfir Höfðamöl að stórum hækkaði í Höfðavatni og það braut sér farveg gegnum Bæjarmölin.“ (HSk. 440, fol.: Dagbók Björns í Bæ 26.-28. október 1934). Í Lesbók Morgunblaðsins þann 15. febrúar 1970 er grein eftir Björn Jónsson í Bæ þar segir hann m.a.: „Um þessar mundir var stór og djúpur ós í gegnum Bæjarmöl til sjávar, flóð og fjara var í Höfðavatni eftir sjávarföllum og dekkbátar, sem gerðir voru út frá Bæjarklettum voru iðulega látnir liggja inni á vatninu.“ (Björn Jónsson í Bæ. *Jóhann Sigurjónsson og hugmyndin um hafnargerð við Höfðavatn*. Í Lesbók Morgunblaðsins 15.02.70).

## Bær-57

**Hlutverk:** Naust

**Tegund:** Heimild

### Staðhættir

Úr Sýrpum Björns í Bæ: „Valurinn og Trausti voru þeir dekkbátar sem lengst voru gerðir út frá Bæjarklettum. Báðir voru þeir með þungbygðar vélar og því erfiðir í setningu þar sem þurfti að draga þá upp bratta brekku í naustin sem voru hlið við hlið uppi á brúninni sunnan við Bæjarvíkina.“ (Hsk. 2146, 4to: Sýrpur Björns í Bæ nr. 13, bls. 21-26).

### Lýsing

Naustin eru horfin en punktur var tekinn samkvæmt lýsingu heimildamanns (Úr vettvangsferð Hjalta Pálssonar og Hauks Björnssonar).

### Aðrar upplýsingar

Úr Sýrpum Björns í Bæ: „Trausti var nokkru minni og oftast lengur í róðrum á haustin og eftir haustvertíð var hann settur á sama hátt og Valurinn. Stóðu þeir síðan yfir veturinn í naustum sínum hlið við hlið, njörvaðir niður og bundnir í stólpa sem notaðir voru þegar niður var sett að vori.“ (Hsk. 2146, 4to: Sýrpur Björns í Bæ nr. 13, bls. 21-26).

## Bær-58

**Hlutverk:** Hjallur

**Tegund:** Heimild

### Staðhættir

Austur af Ystakletti þar sem að landingin við Bæjarkletta var, var hjallur.

### Lýsing

Minjarnar eru horfnar en þeim var rutt í burtu með jarðýtu. Punktur var tekinn samkvæmt lýsingu í heimild; sjá Sýrpu Björns í Bæ 2, 48. Gera má ráð fyrir allt að 50m skekkju.

### Aðrar upplýsingar

Úr Sýrpum Björns í Bæ: Úti á bakkanum við landinguna var sjóbúð Stefáns Jóhannessonar í Bæ, eða fiskhús hans, einnig hjallur sem Jón Konráðsson í Bæ átti. Þar var allur fiskur hertur og stundum hengdur upp hákarl. (Sýrpur Björns í Bæ 2, bls. 48).



Mynd 29. Horft er til vesturs út á Ystaklett. Fremst á myndinni voru áður naust (nr. 57), landingin (nr. 56) var í víkinni sem til hægri á mynd og hjallur (nr. 58) og fiskhús eða sjóbúðir (nr. 59) þar aftan við. Allar þessar minjar eru horfnar í dag og landingin ekki lengur fær bátum.



Mynd 30. Fiskhús, sjóbúð og hjallur sem stóðu þarna við sjávarbakkann eru nú horfin með öllu og var leifum þeirra rutt í burt með jarðýtu. Horft er til norðurs.

fyrir allt að 50m skekkju.

### Aðrar upplýsingar

Úr dagbók Björns í Bæ: „Úti á bakkanum við landinguna var sjóbúð Stefáns Jóhannessonar í Bæ, eða fiskhús hans, einnig hjallur sem Jón Konráðsson í Bæ átti. Þar var allur fiskur hertur og stundum hengdur upp hákarl.“ (Syrpur Björns í Bæ 2, bls. 48). Eftirfarandi lýsing er úr dagbók Björns í Bæ frá 1934: „Báðir höfðu bátarnir skemmst nokkuð. En þegar betur var að gáð kom í ljós að fiskhúsið sem geymdi allan sumarafllann var gersamlega horfið [þessir atburðir áttu sér stað 27. Október 1934].“ (HSk. 440, fol.: Dagbók Björns í Bæ 26.-28. október 1934).

### Bær-60

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hleðsla, grunnur

**Hættumat:** Mikil hætta. Landbrot er við Bæjarkletta og eru allar minjar þar taldar í hættu vegna nálægðar við sjó.

### Staðhættir

Syðst á Ystakletti er einföld grjóthleðsla, mögulega leifar af húsgrunni.

### Lýsing

Grjóthleðslan er einföld og liggur í L, þ.e. frá norðri til suðurs og beygir svo til austurs. Grjótið liggur í jörðinni og sést því aðeins ofan á hleðsluna.



Mynd 31. Það sést móta fyrir einfaldri grjóthleðslu nr. 60 í grasinu. Horft er í austurátt.

### Bær-59

**Hlutverk:** Fiskhús, sjóbúð

**Tegund:** Heimild

### Staðhættir

Austur af Ystakletti þar sem landingin var við Bæjarkletta voru hjallur og fiskhús eða sjóðbúð.

### Lýsing

Minjarnar eru horfnar en sjór braut húsið í óveðri 1934 en steinsteyptum grunni sem eftir stóð var rutt í burtu með jarðýtu. Punktur var tekinn samkvæmt lýsingu í heimild; sjá Syrpu Björns í Bæ 2, 48. Gera má ráð

## Bær-61

**Hlutverk:** Bryggja

**Tegund:** Heimild

### Staðhættir


Úr Sýrpum Björns í Bæ: „Að sumri var í Bæjarvíkinni svokölluð lausabryggja, lögð út af klöppinni vestur undir klettanefi.“ (Hsk. 2136, 4to: Vinnubrögð við fisk á Bæjarklettum 1910-1930 eftir Björn í Bæ nr. 9, bls. 53-58).

### Lýsing

Bryggjan var austur af Bæjarklettum en þar hefur sjórinn nú mokað upp sjávargrjóti. Punktur var tekinn samkvæmt lýsingu í handriti VII. bindis Byggðasögu Skagafjarðar (Úr óprentuðu handriti VII. bindis Byggðasögu Skagafjarðar).

### Aðrar upplýsingar

Úr Sýrpum Björns í Bæ: „Þar voru tveir grjótfylltir trébúkkar. Annar á u.þ.b. tveggja metra dýpi, hinn upp við landið. Tvö löng tré voru lögð á búkkana en á þau smíðaður metersbreiður pallur, bundinn niður svo að fljótlegt væri að taka hann upp ef kviku gerði. Af pallendanum var svo lagður annar upp á land og fékkst þá gönguleið frá bátunum upp að stórum fiskikassa [...].“ (Hsk. 2136, 4to: Vinnubrögð við fisk á Bæjarklettum 1910-1930 eftir Björn í Bæ nr. 9, bls. 53-58).



## Bær-62

**Hlutverk:** Sundlaug

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat:** Engin hættu.

### Staðhættir

Vegur liggur frá Bæ og að Litlabæ sumarhúsi sem liggur við Bæjarmöl. Þar sem vegurinn að bústaðnum beygir til norðurs, um 400m VNV af íbúðarhúsinu á Bæ eru garðlög.

### Lýsing

Garðlögin eru leifar sundlaugar sem legið hefur frá norðri til suðurs og hefur verið um 11m breið og 40m löng. Veggir eru allt að 50sm háir og um 1m á breidd, grasi grónir. Þeir eru rofnir á tveimur stöðum af vegi sem liggur í gegnum þá.



### Bær-63

**Hlutverk:** Íshús, frystihús, timbur-skúr

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat:** Hætta. Minjunum er talin geta stafað hætta vegna nálægðar við sjó en þær eru um 20m frá fjöru þar sem að miklar breytingar hafa orðið á síðustu öld.

#### Staðhættir


Við Bæjarvík norðarlega stendur sumarhús sem nefnt er Litlibær en það stendur tæplega 500m norðvestur af íbúðarhúsinu í Bæ. Vestan hússins er grjóthlaðin rétt.

#### Lýsing

Austan og sunnan við réttina (nr. 64) eru að líkindum leifar íshússins sem stóð þar sem réttin er nú. Grónar leifar þess halla aflíðandi frá réttarveggjunum og eru mest um 3m á breidd.

#### Aðrar upplýsingar

„Íshús í eigu Íshússfélagsins stóð norðaustur frá Bæjarklettum, innan við sjávarkambinn. „Árið 1900 voru byggingar Íshússfélagsins metnar á kr. 1400. Húsin voru raunar þrjú. Þau stóðu spölkorn norðaustur frá Klettunum, innan við sjávarkambinn, fáum metum vestan við núverandi sumarhús Bæjarfjölskyldunnar, Litlabæ. Íshúsið var úr torfi og brjóti, frystihúsið og skúr úr timbri.“ (Úr óprentuðu handriti VII. bindis Byggðasögu Skagafjarðar).



Mynd 32. Myndin er tekin af suðurvegg réttar (nr. 64) og er horft til norðurs.

### Bær-64

**Hlutverk:** Rétt

**Tegund:** Garðlag

#### Staðhættir

Við Bæjarvík norðarlega stendur sumarhús sem nefnt er Litlibær en það stendur tæplega 500m norðvestur af íbúðarhúsinu í Bæ. Vestan hússins er grjóthlaðin rétt.

#### Lýsing

Réttin snýr norður/suður og er 8x14m að utanmáli. Hlið hefur

verið til norðurs og mögulega hefur hún verið tvískipt. Veggir eru grjóthlaðnir og víða stæðilegir, 100-160sm háir og mest tæplega 2m á breidd, grasi grónir að ofan. Utan réttarinnar að austan og sunnan eru leifar íshúss sem stóð þarna áður en réttin var reist.

## **Horfnað minjar**

### **Bær-65**

**Hlutverk:** Sjóbúð

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í jarðabók frá 1714 segir eftirfarandi: „Sjómannaþúðir hafa hjer 3 verið, þar sem heitir á Bæjarklettum, og gengur þar við inntökuskip þá fiskigengd var.“ (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX*, 260).

#### **Lýsing**

Ekki er vitað hvar þessar sjóbúðir voru en að líkindum hafa þær verið á svipuðum slóðum og þær sjóbúðir sem síðar voru reistar.

### **Bær-66**

**Hlutverk:** Sjóbúð

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í jarðabók frá 1714 segir eftirfarandi: „Sjómannaþúðir hafa hjer 3 verið, þar sem heitir á Bæjarklettum, og gengur þar við inntökuskip þá fiskigengd var.“ (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX*, 260).

#### **Lýsing**

Ekki er vitað hvar þessar sjóbúðir voru en að líkindum hafa þær verið á svipuðum stöðum og sjóbúðir stóðu síðar.

### **Bær-67**

**Hlutverk:** Sjóbúð

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í jarðabók frá 1714 segir eftirfarandi: „Sjómannaþúðir hafa hjer 3 verið, þar sem heitir á Bæjarklettum, og gengur þar við inntökuskip þá fiskigengd var.“ (*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX*, 260).

#### **Lýsing**

Ekki er vitað hvar þessar sjóbúðir voru en að líkindum hafa þær verið á svipuðum stöðum og sjóbúðir stóðu síðar.

### **Bær-68**

**Hlutverk:** Sjóbúð

**Tegund:** Heimild

#### **Staðhættir**

Í fasteignamati frá 1916-18: ½ Sjóbúð 8x10 al. ½ sjóbúð 4x5,5 al. (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. Fasteignamat Skagafjarðarsýslu 1916-1918. Bær nr. 81. [www.myndir.handrit.is](http://www.myndir.handrit.is) Skoðaður þann 14.08.2013).

#### **Lýsing**

Ekki er vitað við hvaða sjóbúð er átt og mögulega er hún ein þeirra sjóbúða sem þegar er skráð.

**Bær-69****Hlutverk:** Fiskskúr**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Í fasteignamati frá 1916-18: Veggir úr steinsteypu, járnþak, 12x6 al. Eigandi er Mótorfélagið í Bæ (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. Fasteignamat Skagafjarðarsýslu 1916-1918. Bær nr. 81. [www.myndir.handrit.is](http://www.myndir.handrit.is) Skoðaður þann 14.08.2013).

**Lýsing**

Ekki er vitað hvar fiskskúrin stóð.

**Bær-142****Hlutverk:** Fiskhús**Tegund:** Heimild**Staðhættir**

Úr fasteignamati 1916-18: Timbur og torfhús 6x2 al. Áfastur skúr 9x21/4 al. Eigandi er H/F H.S.Í.V. (Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. Fasteignamat Skagafjarðarsýslu 1916-1918. Bær nr. 81. [www.myndir.handrit.is](http://www.myndir.handrit.is) Skoðaður þann 14.08.2013).

**Lýsing**

Ekki er vitað með vissu hvar fiskhúsið stóð.

## Bakki - söguágrip

Bakka er fyrst getið í rekaskrá Hólastaðar frá 1374 og er þar talað um Meiri Bakka og Minni Bakka.<sup>59</sup> Í bréfi frá 1417 er talað um Stærri Bakka og Minni Bakka.<sup>60</sup> Í jarðamati frá 1714 segir að munnmæli séu um „að þessi jörð hafi færð verið af girðingum þeim, sem nú kallast Minnebacke, fyrir nokkrum hundrað árum.“<sup>61</sup> Virðist því sem svo að Bakki hafi verið skipt í tvær jarðir sem síðan sameinuðust í eina. Þar segir einnig að rekavon hafi verið sæmileg og ábúandi hafi fengið það sem lög leyfðu. Heimræði var allt árið en „lending lök þegar að amar, og gengur hjer eitt skip, sem ábúandi á þó ekki sjálfur, en mætti þó annars ef hann væri so efnaður.“<sup>62</sup>

Árið 1703 búa 7 manns á Bakka en 14 þegar mest er árin 1840 og 1880. Frá 1845 og fram yfir aldamótin virðist yfirleitt hafa verið tvíbyli á Bakka aldamótin 1900 nema árið 1855 en þá voru heimilismenn aðeins 6.<sup>63</sup>

Í fasteignamati frá 1916-18 segir að fjörubeit sé góð, nokkur trjáreki og nokkuð góð hrognkelsaveiði.<sup>64</sup>

## Minni-Bakki

Í jarðamati frá 1714 segir „Girðingar sjást hér í landinu, sem kallast Minne backe; þar hefur aldrei bygt verið so menn viti, en það eru munnmæli, að þar hafi sjálf jörðin áður staðið; vide supra Backa.“<sup>65</sup>

---

<sup>59</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn III*, 278.

<sup>60</sup> *Íslenzkt fornbréfasafn IV*, 250.

<sup>61</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX*, 285.


<sup>62</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX*, 286.

<sup>63</sup> Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. [www.manntal.is](http://www.manntal.is). Skoðaður þann 06.08.2013.

<sup>64</sup> Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. Fasteignamat Skagafjarðarsýslu 1916-1918. Bakki nr. 34. [www.handrit.is](http://www.handrit.is). Skoðaður þann 06.08.2013.

<sup>65</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX*, 286.

## Fornleifaskráning



### **Bakki-70**

**Hlutverk:** Uppsátur

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Vestan Bæjarvíkur er Húsavík. Bakkabændur settu bát sinn í víkinni og alveg upp í Bakkagil, en svo heitir gilið upp af víkinni.“ (Ö-Bakki, 2).

### **Lýsing**

Punktur var tekinn í Bakkagili. Engar minjar fundust í sjálfu gilinu en töluvert er af minjum austan gilsins. Við Húsavík er landbrot töluvert og ekki ólíklegt að landingin og uppsátrið sé breytt frá er var á fyrri hluta 20. aldar.

### Bakki-71

**Hlutverk:** Óþekkt, sjóbúð

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hætta.

Minjarnar eru um 5m frá sjávarbakka þar sem landbrot er greinilegt.

**Staðhættir**


Upp af Húsavík, austan við Bakkagil er tóft.

**Lýsing**

Tóftin snýr NNV/SSA og hafa dyr snúið til suðvesturs. Hún er 3,5x5m að utanmáli, veggir 30-50sm háir og mest um 1m á breidd. Tóftin er algróin, veggir þýfðir og nokkuð hrundir.



Mynd 33. Horft er til norðausturs yfir tóft nr. 71.



### Bakki-72

**Hlutverk:** Óþekkt, náttúrulegt

**Tegund:** Þúst

**Hættumat:** Mikil hætta. Minjarnar liggja fram á sjávarbakka þar sem land brýtur.

**Staðhættir**

Upp af Húsavík, austan við Bakkagil er tóft (nr. 71) og á sjávarbakkanum framan (norðan) við hana er þúst.

**Lýsing**

Þústin er 2x2,5m að utanmáli og um 30sm há. Hún er algróin og virðist vera leifar mannvirkis en gæti verið náttúrulegt fyrirbæri.



Mynd 34. Hleðsla nr. 73 sést í rofi í sjávarbakkanum. Horft er til suðvesturs og sér í Reykjarhól í baksýn.

### Bakki-73

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat:** Mikil hætta.

Minjarnar liggja fram á sjávarbakka þar sem landbrot er greinilegt.

**Staðhættir**

Á sjávarbakkanum vestarlega í Húsavík er hleðsla.

**Lýsing**

Hleðslan liggur samhliða sjávarbakkanum frá norðaustri til suðvesturs. Hún er um 5m löng og mest um 1,5m á breidd og 70sm á hæð. Hleðslan er gróin

en sér í grjóthleðslu. Líklega er um að ræða vegg tóftar sem er að öðru leyti farin í sjó.

### Bakki-74

**Hlutverk:** Beitarhús, sauðahús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Hætta. Minjarnar eru um 35m frá sjávarbakka þar sem landbrot er greinilegt.

**Staðhættir**


Upp af Húsavík, vestarlega í landi Bakka er tóftir beitarhúsa. Töluvert er af minjum upp af víkinni.

**Lýsing**

Tóftin snýr norðvestur/suðaustur og er 9x11m að utanmáli. Við norðvesturhorn virðist sem það geti verið göng að tóftinni og þar hafa dyr mögulega verið en þær eru ekki sjáanlegar. Tóftin er tvískipt, algróin og mjög þýfðir. Veggir eru 30-60sm háir og mest um 2m á breidd.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Á Húsavíkurbakkanum við Bakkagil, austan Ófeigslækjar, eru einnig a.m.k. þrjár sauðhústóftir. Voru þar einnig sauðahús frá Bakka, en þar var löngum tvíbýli til forna að sögn Jónmundar. Sauðirnir gengu að mestu af niður við sjóinn á góðum vetrum.“ (Ö-Bakki, 2).





Mynd 35. Horft er yfir þúst nr. 75 til norðvesturs.

virkjaleifar eða náttúrulegt fyrirbæri.

### Bakki-76

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hleðsla


**Hættumat: Mikil hætta.** Minjarnar eru um 10m frá sjávarbakka sem landbrot er greinilegt.

#### Staðhættir

Upp af Húsavík er töluvert af minjum og rétt vestan við miðju víkunnar er lágur hóll (1-1,5m á hæð) og á honum tvær samsíða hleðslur.

#### Lýsing

Hleðslurnar liggja frá norðvestri til suðausturs um 2ja metra langar og 1m á breidd. Þær eru grasi grónar og að nokkru þýfðar.



### Bakki-77

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Mikil hætta.** Minjarnar liggja fram á sjávarbakka þar sem landbrot er greinilegt.

#### Staðhættir

Á sjávarbakkanum um það bil fyrir miðri Húsavík er stekkjartóft.

#### Lýsing

Tóftin snýr norðvestur/suðaustur og er 5x10m að utanmáli. Hún er grasi og mosa gróin og veggir þýfðir. Þeir eru 30-80sm háir og mest um 1,5m á breidd. Króin er til norðvesturs og liggur alveg fram á sjávarbakka en réttin er til suðausturs. Hlið verið tvö og bæði snúið til suðvesturs.



### Bakki-78

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hætta. Minjarnar liggja innan við 10m frá sjávarbakka þar sem landbrot er greinilegt.

**Staðhættir**

Á sjávarbakkanum um það bil fyrir miðri Húsavík er stekkjartóft og suðvestan við hana er önnur tóft.

**Lýsing**

Tóftin snýr norðvestur/suðaustur, 3,5x5-8m að utanmáli. Tóftin er mögulega tvískipt og er greinilegt hól til norðvesturs og mögulega annað til suðausturs. Veggir eru grónir en virðast einhvern tímann hafa rofnað og gróið yfir þá aftur. Þeir eru 20-50sm háir og 1m á breidd.

### Bakki-79

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft


**Hættumat:** Hætta. Minjarnar liggja um 25m frá sjávarbakka þar sem landbrot er greinilegt.

**Staðhættir**

Upp af Húsavík austanverðri er lág hólabyrping og á hólunum og á milli þeirra eru nokkrar tóftir, m.a. stekkjartóft sem hlaðin hefur verið á milli tveggja hóla.

**Lýsing**

Tóftin snýr norðvestur/suðaustur og er tvískipt, kró til suðvesturs en rétt til norðausturs. Hún er 5x5,5m að utanmáli og hafa hlið verið bæði á rétt og kró og snúið til suðausturs. Króin stendur um 50-60sm hærra en réttin. Langveggur réttar er heldur lengri en aðrir veggir og hefur að líkindum verið þannig til að auðvelda innrekstur. Veggir eru 30-80sm háir og mest um 1,5m á breidd. Suðvestan við er þúfnakragi sem gætu verið veggjaleifar.





Mynd 36. Horft er eftir garðlagi nr. 80 til norðausturs.

### Bakki-80

**Hlutverk:** Túngarður, vörslugarður

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat:** Mikil hætta.

Minjarnar eru 10-70m frá sjávarbakka þar sem landbrot er töluvert.

**Staðhættir**

Garðlag liggur nokkurn veginn í hálfhring upp af Húsavík og liggur hluti þeirra minja sem þar er innan garðsins og hluti utan hans.

**Lýsing**

Garðurinn er 170m á lengd, mest um 60-70sm hár og um 3m þar sem hann er breiðastur. Austurhluti hans er glöggur en eftir því sem vestar dregur verður hann ógreinilegri og ekki er hægt að rekja hann niður að sjávarbakkanum þó hann hafi vafalítið náð þangað upphaflega. Hann er algróinn, stórbýfður og mikið hruninn.

### Bakki-81

**Hlutverk:** Óþekkt, fjárhús?

**Tegund:** Tóft


**Hættumat:** Mikil hætta. Minjarnar eru um 6m frá sjávarbakka þar sem landbrot er greinilegt.


**Staðhættir**

Á sjávarbakkanum í Húsavík, austarlega er, við norðurenda garðlags (nr. 80) er tóft.

**Lýsing**

Tóftin snýr norðvestur/suðaustur og er 4x5m að utanmáli. Hún stendur á hól og virðist annaðhvort aðeins niðurgráfin í hann eða byggð ofan í eldri minjar. Hún er nánast algróin en sér í grjót í einu horni tóftar. Veggir eru 30-60sm háir og 1m á breidd.





### Bakki-82

**Hlutverk:** Óþekkt, beitarhús?

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru um 70m frá sjávarbakka þar sem landbrot er greinilegt.

### Staðhættir

Upp af Húsavík austanverðri er lág hólabyrping og á hólunum og á milli þeirra eru nokkrar tóftir. Á hól utan (sunnan) við garðlag nr. 80 þar sem það beygir til vesturs eru tvennar

tóftir.

### Lýsing

Vestari tóftin snýr norðaustur/suðvestur og er 5x12m að utanmáli. Hún er algróin og þýfð, útlínur sæmilega glöggar en innri brún veggja afar ógreinileg. Veggir eru 30-50sm háir og mest tæplega 1m á breidd. Dyr eru ekki greinanlegar.

### Bakki-83

**Hlutverk:** Óþekkt, rétt?

**Tegund:** Garðlag


**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru rúmlega 70m frá sjávarbakka þar sem landbrot er greinilegt.

### Staðhættir

Upp af Húsavík austanverðri er lág hólabyrping og á hólunum og á milli þeirra eru nokkrar tóftir. Á hól utan (suðaustan) við garðlag nr. 80 þar sem það beygir til vesturs er tóft og garðlag.

### Lýsing

Garðlagið liggur NNA/SSV og er 4x8m að utanmáli. Það liggur austur undir hól sem að tóft nr. 82 stendur á og liggur garðlagið nokkuð lægra heldur en tóftin. Veggir eru mest um 30sm háir og um 1,5m á breidd, þýfðir og grónir og mikið hrundir. Hlið hefur snúið til suðurs.



### Bakki-84

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru um 50m frá sjávarbakka þar sem landbrot er greinilegt.

### Staðhættir

Upp af Húsavík austanverðri er lág hólabyrping og á hólunum og á milli þeirra eru nokkrar tóftir. Á hól innan við garðlag nr. 80 þar sem það beygir til vesturs er tóft og austan

við hana niðurgroftur.

### Lýsing

Tóftin er efst á hól, snýr norðaustur/suðvestur, 4x6m að utanmáli. Dyr sjást ekki og veggir eru jarðsokknir og þýfðir. Þeir eru 20-30sm háir og rúmlega 1m á breidd.

### Bakki-85

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Niðurgroftur

**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru um 50m frá sjávarbakka þar sem landbrot er greinilegt.

### Staðhættir

Upp af Húsavík austanverðri er lág hólabyrping og á hólunum og á milli þeirra eru nokkrar tóftir. Á hól innan við garðlag nr. 80 þar sem það beygir til vesturs er tóft nr. 84 og við hana niðurgroftur.

### Lýsing

Niðurgrofturinn er tæplega 2m í þvermál og um 50-80sm djúpur. Hann er algróinn og engin sjáanleg hleðsla er í honum og ekki er kantur meðfram brún hans.

### Bakki-86

**Hlutverk:** Torftökustaður?

**Tegund:** Niðurgroftur


**Hættumat: Hætta.** Minjarnar eru um 20m sjávarbakka þar sem landbrot er töluvert.

### Staðhættir

Upp af Húsavík er svæði þar virðist hafa verið tekið torf. Svæðið er á milli tóftanna sem eru upp af víkinni. Innan svæðisins eru tvær sléttar flatir sem virðast hafa verið skildar eftir þegar þarna hefur verið tekið efni, hugsanlega til þess að hægt væri að þurrka torfið. Svæðið er allt þýft og gróið.



Mynd 37. Horft er til suðurs yfir svæðið þar sem að torf virðist hafa verið tekið (nr. 86) og sjá má sléttar flatir inn á milli þar sem það hefur mögulega verið þurrkað. Horft er til suðurs.



### Bakki-87

**Hlutverk:** Mógrafir

**Tegund:** Niðurgröftur

**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru rúmlega 50m frá sjó þar sem þær liggja næst honum og eru ekki taldar í hættu í nánustu framtíð.

### Staðhættir

Upp af Bæjarvík og nesinu milli Bæjarvíkur og Húsavíkur eru umfangsmiklar mógrafir

### Lýsing

Mógrafirnar voru að hluta skráðar af loftmynd og að hluta á vettvangi, þær eru hér skráðar í heild sinni og eru þær alls tæplega 20.000m<sup>2</sup>.

### Bakki-88

**Hlutverk:** Mótóft

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Engin hætta.** Mótóftin er í tæplega 70m fjarlægð frá sjó og er ekki talin vera í hættu í nánustu framtíð.

### Staðhættir

Miklar mógrafir eru í landi Bakka og nokkrar mótóftir voru skráðar við þær.

### Lýsing

Tóftin er 2,5x4m að utanmáli og snýr norðaustur/suðvestur. Veggir eru þýfðir og um 30sm háir og um 1m á breidd. Þeir eru algrónir og nokkuð farnir að samlagst umhverfi sínu.



Mynd 38. Horft er yfir mótóft nr. 89 til suðausturs. Umhverfis tóftina er hluti mógrafa nr. 88 og í baksýn sést Reykjarhóll.

### Bakki-89

**Hlutverk:** Mótóft

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Engin hætta.** Mótóftin er í tæplega 70m fjarlægð frá sjó og er ekki talin vera í hættu í nánustu framtíð.

### Staðhættir

Miklar mógrafir eru í landi Bakka og nokkrar mótóftir voru skráðar við þær.

### Lýsing

Mótóftin er hringlaga, um 3m í þvermál, veggir erum 30sm háir og mest 50-60sm breiðir.

### Bakki-90

**Hlutverk:** Mótóft

**Tegund:** Garðlag


**Hættumat:** Engin hætta. Mótóftin er í um 50m fjarlægð frá sjó og er ekki talin stafa hætta af landbroti í nánustu framtíð.

**Staðhættir**

Miklar mógrafir eru í landi Bakka og nokkrar mótóftir voru skráðar við þær.

**Lýsing**

Nokkurn veginn hringlaga garðlag 10x12m að utanmáli. Veggir þýfðir, 20-60sm háir og mest um 1,5m á breidd.



### Bakki-91

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Hætta. Minjarnar eru um 12m frá sjávarbakka.

**Staðhættir**

Á lágum hól, um það bil fyrir miðri Bæjarvík er ógreinileg tóft.

**Lýsing**

Tóftin snýr NNV/SSA og er 3x6m að utanmáli, engar dyr eru greinanlegar. Veggir eru lágir eða

mest um 20sm á hæð og 1m á breidd. Umhverfi er þýft og veggir einnig.

### Bakki-92

**Hlutverk:** Beitarhús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hætta.

Minjarnar eru um 50m frá sjávarbakkanum og er þeim ekki talin stafa hætta af landbroti í nánustu framtíð.

**Staðhættir**

Á hól upp af Bæjarvík, um 30 frá sjávarbakkanum eru a.m.k. tvennar tóftir.


**Lýsing**

Vestari tóftin snýr norður/suður og er 3x7m að utanmáli og hafa

dyr snúið til suðurs. Hún er tvískipt og hefur verið innangengt á milli. Veggir eru þýfðir, 30-50sm háir og mest tæplega 1m á breidd. Tóftin er algróin grasi og mosa en sér í eitt grjót í vegg.



Mynd 39. Horft er yfir beitarhúsatóft nr. 92 til suðurs.



### Bakki-93

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru um 30m frá sjávarbakkanum og er þeim ekki talin stafa hætta af landbroti í nánustu framtíð.

**Staðhættir**

Á hól upp af Bæjarvík, um 30 frá sjávarbakkanum eru a.m.k. tvennar tóftir.

**Lýsing**

Austari tóftin er ógreinilegri en sú vestari (nr. 92) og liggur ANA/VSV og er 3,5x5m að utanmáli. Veggir eru mest um 20sm háir og rúmlega 1m á breidd. Þeir eru algrónir grasi og mosa. Dyr gætu hafa verið við norðaustur horn.

### Bakki-94

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru um 30m frá sjávarbakkanum og er þeim ekki talin stafa hætta af landbroti í nánustu framtíð.

**Staðhættir**

Á hól upp af Bæjarvík, um 30 frá sjávarbakkanum eru a.m.k. tvennar tóftir og austan við þær er þúst sem mynduð er af þúfum og eru hugsanlega leifar af einhverju manngerðu en hugsanlega bara náttúrumyndun.

**Lýsing**

Þústin er þýfð, um 5m í þvermál og 30-50sm há.



Mynd 40. Þúst nr. 95. Sjórinn er að brjóta af henni til norðurs eins og sést lengst til vinstri á mynd. Horft er til austurs.

### Bakki-95

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

**Hættumat: Mikil hætta.**

Meintar minjar liggja fram á sjávarbakka þar sem landbrot er greinilegt.

**Staðhættir**

Á sjávarbakkanum vestanvert við Stóru-lækjarvík eru tvennar þústir sem geta hvort heldur verið mannvistarleifar eða náttúruleg fyrirbæri.

**Lýsing**

Vestari þústin er 3,5x4m að utanmáli og liggur fram á

sjávarbakka og er brotið af henni til norðurs. Hún er þýfð, grasi og mosa vaxin og um 30sm há.

### **Bakki-96**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

**Hættumat:** Mikil hætta.

Meintar minjar liggja fram á sjávarbakka þar sem landbrot er greinilegt.

**Staðhættir**


Á sjávarbakkanum vestanvert við Stóru-lækjarvík eru tvennar þústir sem geta hvort heldur verið mannvistarleifar eða náttúruleg fyrirbæri.

**Lýsing**

Austari þústin er 4x5,5m að utanmáli og liggur frammi á sjávarbakka og er brotið af henni til norðurs. Hún er þýfð, grasi og mosa vaxin og um 30sm há.



Mynd 41. Þúst nr. 96. Horft er til austurs. Lengst til vinstri á myndinni sést hvernig sjórinn hefur brotið úr bökkunum.



### **Bakki-97**

**Hlutverk:** Óþekkt, vörslugarður

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat:** Mikil hætta. Garðlagið liggur fram á sjávarbakka og hefur þegar brotið af því til norðurs.

**Staðhættir**

Garðlag liggur frá norðri til suðurs vestan við svonefndan Stóralæk og nær niður að sjó í Stóru-lækjarvík vestanverðri. Það er tæplega 200m langt, mest um 2má breidd og 30-

70sm hátt. Garðlagið er algróið grasi og mosa og hluta til þýft.



### Bakki-98

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat: Mikil hætta.** Garðlagið liggur fram á sjávarbakka og hefur þegar brotið af því til norðurs.

#### Staðhættir

Vestan við garðendann virðist annað garðlag sem að afmarkar hól uppi við fyrrnefndan garð. Hólfið er 3x5m að utanmáli og opið norður úr þar sem hefur mögulega verið veggur sem horfið hefur í sjó. Garðlagið er um 30sm hátt og innan við 1m á breidd, gróið grasi og mosa.



Mynd 42. Tóft nr. 99. Horft er til suðvesturs og sér í Reykjarhól í baksýn. Sjórinn hefur brotið af tóftinni til norðurs eins og sést til hægri á mynd.

### Bakki-99

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Náttúruminjar, tóft


**Hættumat: Mikil hætta.** Meint tóft liggur fram á sjávarbakka og hefur brotið af henni til norðurs.

#### Staðhættir

Frammi á sjávarbakka, vestarlega í Stóralækjarvík, innan við 10m vestur af garðlagi nr. 97 virðist vera tóft.

#### Lýsing

Meint tóft er 3x3,5m að utanmáli og snýr NNV/SSA, opin til norðurs þar sem rofið hefur af henni sökum landbrots. Veggir eru þýfðir, grónir grasi og mosa, 20-40sm háir og mest tæplega 1m á breidd. Mögulega er um náttúrulegt fyrirbæri að ræða.



### Bakki-100

**Hlutverk:** Beitarhús, stekkur

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Mikil hætta.** Minjarnar eru innan við 10m frá sjávarbakka þar sem landbrot er nokkurt.

#### Staðhættir

Frammi á sjávarbakka, vestan við Stóralæk og um 50m austur af garðlagi nr. 97 er tóft.

#### Lýsing

Tóftin snýr norðvestur/suðaustur og er 3,5x6m að utanmáli. Hún er tvískipt og hafa dyr eða hlið verið til norðvesturs og

innangengt á milli hólfa. Veggir eru mest um 40sm háir og um 1m á breidd. Þeir eru þýfðir, grónir grasi og mosa og hafa rofnað á köflum og eru sumstaðar alveg horfnir. Rof þetta gæti stafað af ágangi búfjár og/eða vindrofi. Tóftin er á hól og virðist sem hún gæti verið byggð á eldri minjum.

### Bakki-101


**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Mikil hættu.** Tóftirnar eru fram á sjávarbakka þar sem landbrot er greinilegt og hefur sjórinn þegar brotið af þeim til norðurs.

**Staðhættir**

Rúmlega 40m vestur af merkjum Laugalands og Bakka er tóft og frá henni liggur garðlag sem afmarkar 20x20m svæði.



**Lýsing**

Tóftin liggur austur/vestur, 5x9m að utanmáli og hafa að minnsta kosti verið einar dyr til vesturs. Veggir eru rofnir af landbroti af völdum sjávar að norðanverðu. Veggir eru grónir og þýfðir, 30-60sm háir og rúmlega 1m á breidd. Tóftin er mögulega tvískipt en stærra hólfíð sem er til vesturs er mun greinlegra en það minna sem snýr til austurs. Í örnefnaskrá er sagt að þarna sé um að ræða tóftir Minni-Bakka en það virðist ólíklegt og líklegt að þarna hafi verið einhverskonar gerði eða aðhald fyrir skepnur.

**Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Tóftir af Minna-Bakka eru á sjávarbakkanum austur undir Laugalandsmerkjum. Því hefur verið haldið fram, að þar hafi Bakkabærinn upphaflega staðið, en síðan hafi hann verið fluttur þangað, sem hann var síðast.“ (Ö-Bakki, 4-5). Ekki er líklegt að þarna hafi verið býli og eru minjar á öðrum stöðum í Bakka landi þar sem líklegt er að Minni-Bakki hafi verið.

### Bakki-102

**Hlutverk:** Girðing, túngarður

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat: Mikil hættu.** Garðlagið liggur fram á sjávarbakka þar sem landbrot er greinilegt og hefur sjórinn þegar brotið af norðurenda þess.

**Staðhættir**

Rúmlega 40m vestur af merkjum Laugalands og Bakka er tóft nr. 101 og til suðurs frá henni liggur garðlag sem afmarkar 20x20m svæði.

**Lýsing**

Garðlagið er í tveimur hlutum, alls 45m langt. Það er rofið við suðaustur horn þar sem hugsanlegt er að hafi verið hlið. Garðlagið liggur upp að tóft nr. 101 að norðan og að sjávarbakkanum hinu megin. Brotið hefur af þeim enda garðlagsins sem nær að

sjávarbakkanum. Hugsanlegt er að það hafi áður náð hringinn að tóftinni að norðan. Veggir eru grónir og þýfðir, allt að 60sm á hæð og mest um 1,5m á breidd. Í örnefnaskrá er sagt að þarna sé um að ræða tóftir Minni-Bakka en það virðist ólíklegt og heldur líklegra að þarna hafi verið einhverskonar gerði eða aðhald fyrir skepnur.

### **Aðrar upplýsingar**

Í örnefnaskrá segir: „Tóftir af Minna-Bakka eru á sjávarbakkanum austur undir Laugalandsmerkjum. Því hefur verið haldið fram, að þar hafi Bakkabærinn upphaflega staðið, en síðan hafi hann verið fluttur þangað, sem hann var síðast.“ (Ö-Bakki, 4-5). Ekki er líklegt að þarna hafi verið býli og eru minjar á öðrum stöðum í Bakka landi þar sem líklegra er að Minni-Bakki hafi verið.

### **Horfna minjar**



Mynd 43. Myndin er tekin í austur í átt að merkjum Bakka og Laugalands. Þar er nú skurður þar sem að áður voru merkjabúfur.

### **Bakki-103**

**Hlutverk:** Landamerki

**Tegund:** Heimild

### **Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Merkjum við Laugaland, að austan, ráða Merkjabúfur upp af Merkjavík. Þær eru nú að mestu horfna.“ (Ö-Bakki, 1).

### **Lýsing**

Engar merkjabúfur fundust á þessu svæði en skurður er nú á merkjum Lauglands og Bakka og hafa þúfurnar að líkindum horfið við gerð hans.

## Laugaland-söguágrip

Laugaland kemur fyrst fyrir í rekaskrá Hólastaðar frá 1374 (þar nefnt Langaland sem er að líkindum misritun því jörðin er skrifuð Laugaland í öðru skjali frá sama tíma).<sup>66</sup>

Árið 1703 er enginn skráður til heimilis að Laugalandi en í jarðamati frá 1714 segir að þriðjungur jarðarinnar sé í eyði en búið sé á tveimur þriðju hlutum hennar.<sup>67</sup> Í sama mati segir einnig: „Heimræði má hjer valla telja, því að lendíng er hjer ófær nema í besta veðri, og því lætur ábúandi jafnan gánga skip sitt á Bakka eður annarsstaðar.“<sup>68</sup>

Í fasteignamati frá 1916-18 segir að fjörubeit sé góð, nokkur trjáreki og töluverð hrognkelsaveiði.<sup>69</sup>

## Laugalandskot/Kot

Í jarðamati frá 1714 er getið um eyðihjáleigu sem sögð var byggð niður við sjó „vel fyrir 30 árum“ og var þá búið þar í 13 ár en hafði verið í eyði síðan. Kotið var reist á gömlu fjárhússtaði.<sup>70</sup> Í jarðabók frá 1804 segir að Laugaland sé 20 hundruð með Laugalandskoti.<sup>71</sup>



Mynd 44. Greinileg ummerki landbrots af völdum sjávar á Laugalandi. Þarna á sjávarbökkunum voru samkvæmt heimildum áður 9 naust sem nú eru afbrotin.



Mynd 45. Landbrotið nær eftir allri strönd Lauglands en þessi mynd er tekin af Lambhagavík/Fúluvík. Horft er til austurs.

<sup>66</sup> Íslenzkt fornbréfasafn III, 278.

<sup>67</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 286.


<sup>68</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 287.

<sup>69</sup> Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. Fasteignamat Skagafjarðarsýslu 1916-1918. Laugaland nr. 33. Bls. 74. www.handrit.is. Skoðaður þann 06.08.2013.

<sup>70</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 287.

<sup>71</sup> Skagafjarðarsýsla; Jarðabók 1804. Nr. 86, bls. 34v. Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. Skoðaður þann 01.10.13.

## Fornleifaskráning



### Laugaland-104

**Hlutverk:** Óþekkt, naust, híbýli?

**Tegund:** Þúst

**Hættumat:** Mikil hættu. Minjarnar eru á sjávarbakka þar sem landbrot er greinilegt.

### Staðhættir

Á sjávarbakkanum fyrir miðri Löngufjöru er þúst, að líkindum tóftarbrot.

### Lýsing

Þústin er tæplega 2m breið og 4,5m á lengd. Hún liggur meðfram sjávarbakkanum frá vestri til austurs. Hún er grasi gróin, um 30sm há og brotið af henni til norðurs. Mögulega er um náttúrulegt fyrirbæri að ræða en þetta virðist vera manngert. Hlutverk er óþekkt en mögulega er um að ræða leifar af naustum eða Laugalandskoti, býli sem var einhversstaðar á þessu svæði.

### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Fyrir vestan Sólheima er annað tún, þar eru kölluð Kot, þar mátti sjá greinileg 9 naust árið 1916, þegar Jónmundur flutti þangað. Nú eru þau öll afbrotin.“ (Ö-Laugaland á Bökkum, 2).



Mynd 46. Gróðurskil marka útlínur bæjarstæðis Laugaland frá því snemma á 20. öld en þá var bærinn fluttur um tíma niður að sjó svo nærtækara væri að stunda sjósókn.

sjávarbakkanum er hann var aftur fluttur ofan við þjóðveg þar sem hann hafði áður verið. Bærinn virðist hafa staðið vestast í túni.

### Lýsing

Bæjartóftirnar eru horfnar en 20sm djúp dæld sem er um 9x14m að utanmáli markar nokkurn veginn útlínur bæjarins sem hefur að líkindum snúið austur/vestur. Í dældinni sést í steypubrot og einnig eru steypubrot í skurði sem er vestan við bæjarstæðið. Töluverður arfi er á gamla bæjarstæðinu sem sker sig þannig úr umhverfinu.

### Aðrar upplýsingar

Í viðtali sem Hjalti Pálsson tók við Pál Guðmundsson á Miðmói þann 19. október 1999 kemur fram að það hafi verið Guðmundur Ásmundsson sem flutti bæinn niður að sjávarbakkanum en þá var róið frá Laugalandi og þótti hagræði í því að vera nær sjónum. Þetta var torfbær (Úr óprentuðu viðtali við Pál Guðmundsson. Hjalti Pálsson, 1999). Bærinn var fluttur aftur árið 1934 og þá var reist hús það sem enn er búið í. Í manntali frá 1920 er Guðmundur Ásmundsson skráður húsbóndi á Laugalandi og þá eru þar 12 í heimili (Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands, skoðaður þann 01.10.13).

### Laugaland-106

**Sérheiti:** Laugaland

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Dæld

**Hættumat:** Engin hættu

Minjarnar eru rúmlega 60m frá sjávarbakka þar sem landbrot er töluvert en vegna fjarlægðar frá sjó er ekki gert ráð fyrir að þær séu í hættu í nánustu framtíð.

### Staðhættir

Beint austur af dældinni sem markar útlínur bæjarins nr. 105 er önnur dæld.

### Laugaland-105

**Sérheiti:** Laugaland

**Hlutverk:** Hífbýli

**Tegund:** Dæld

**Hættumat:** Engin hættu

Minjarnar eru rúmlega 60m frá sjávarbakka þar sem landbrot er töluvert en vegna fjarlægðar frá sjó er ekki gert ráð fyrir að minjarnar séu í hættu í nánustu framtíð.

### Staðhættir

Snemma á 20. öld (um 1922) var bærinn færður ofan að sjó. Þar stóð hann til 1934, á hól svolítið suður af

### **Lýsing**

Dældin er 4x6m að utanmáli og um 15sm djúp. Grasið í henni er dekkra og sker sig þannig úr umhverfinu. Hlutverk er óvíst en ekki er ólíklegt að þarna hafi verið leifar byggingar frá því að bærinn stóð við sjóinn.

### **Laugaland-107**

**Sérheiti:** Laugaland

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft, grunnur

**Hættumat: Engin hætta**

Minjarnar eru um 50m frá sjávarbakka þar sem landbrot er töluvert en vegna fjarlægðar frá sjó er ekki gert ráð fyrir að þær séu í hættu í nánustu framtíð.

### **Staðhættir**

Í túninu norður af bæjartóftinni er aflöng tóft eða húsgrunnur.

### **Lýsing**

Tóftin eða grunnurinn snýr NNA/SSV og er 4,5x9m að utanmáli. Innbrún veggja er regluleg að lögun, um 30sm há en útbrún er ekki greinanleg. Timbur sést í tóftinni/grunninum. Hún er algróin og er gras dekkra heldur en á túninu sem tóftin stendur í. Hlutverk er óvíst en ekki er ólíklegt að þarna hafi verið útihús frá því er Laugarlandsbærinn stóð niðri við sjó.

### **Laugaland-108**

**Sérheiti:** Laugaland

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Dæld

**Hættumat: Engin hætta**

Minjarnar eru rúmlega 50m frá sjávarbakka þar sem landbrot er töluvert en vegna fjarlægðar frá sjó er ekki gert ráð fyrir að þær séu í hættu í nánustu framtíð.

### **Staðhættir**

Í túni, rúmlega 10m norðaustur af dældinni sem afmarkar útlínur gamla bæjarins (sjá nr. 105) og beint austur af dæld nr. 107 er dæld.

### **Lýsing**

Dældin er 1,5x2m að utanmáli og 10-20sm djúp, hún sker sig úr umhverfi þar sem gras á henni er dekkra en í túninu umhverfis. Hlutverk er óvíst en ekki er ólíklegt að þarna hafi verið eitthvert mannvirki frá því að bærinn stóð á bökkunum við sjóinn.

### **Laugaland-109**

**Sérheiti:** Laugaland

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Dæld

**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru rúmlega 50m frá sjávarbakka þar sem landbrot er töluvert en vegna fjarlægðar frá sjó er ekki gert ráð fyrir að þær séu í hættu í nánustu framtíð.

### **Staðhættir**

Í túni um 60m ASA af bæjartóftinni er dæld.

### **Lýsing**

Dældin er regluleg að lögun, 3x9m að utanmáli. Hún er 20sm djúp og vestan og norðvestan við hana er tvær minni dældir einnig um 20sm djúpar. Hlutverk er óvisst en ekki er ólíklegt að þarna hafi verið útihús frá því er Laugarlandsbærinn stóð niðri við sjó.

#### **Laugaland-110**

**Sérheiti:** Laugaland

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hóll, garðlag?

**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru um 20m frá sjó þar sem landbrot er töluvert.

**Staðhættir**

Rúmlega 60m norðvestur af bæjarstæðinu nr. 105 er hóll.

**Lýsing**

Hóllinn er um 50-100sm hár og á honum eru mögulega veggjaleifar en þó gæti einnig verið um náttúrulegt fyrirbæri að ræða. Hóllinn og meintar veggjaleifar eru algrónar grasi og mosa en þó er grjót á hólnum sem virðist vera á sínum stað og víða er grjót umhverfis hólinn.

#### **Laugaland-111**

**Sérheiti:** Laugaland

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Dæld

**Hættumat: Engin hætta.** Minjarnar eru rúmlega 50m frá sjávarbakka þar sem landbrot er töluvert en vegna fjarlægðar frá sjó er ekki gert ráð fyrir að þær séu í hættu í nánustu framtíð.

**Staðhættir**

Í túnjaðrinum er hóll og efst á honum, um 30m norðvestur af bæjarstæðinu er dæld.

**Lýsing**

Dældin er um 10-20sm há og 3x3,5m að utanmáli. Hún er grasi gróin og sker sig úr umhverfi vegna þess að gras á henni er dekkra að lit en á túninu sem er umhverfis.

#### **Laugaland-112**

**Sérheiti:** Sólheimar

**Hlutverk:** Híbyli

**Tegund:** Heimild

**Hættumat: Hættu.** Minjar geta leynst undir yfirborði þó þeirra sjái ekki stað ofanjarðar. Þarna er landbrot töluvert.

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Rétt vestan við lækinn er gamalt túnstæði, þar var bær til forna, sem hét Sólheimar, og því nafni heldur túnbletturinn. Tóftir voru þar greinilegar, en nú er sjórinn farinn að brjóta af þeim.“ (Ö-Laugaland, 1-2).


**Lýsing**

Engar minjar fundust við vettvangsskráningu en þarna er greinilegt landbrot og búið að slétta þarna tún.



### Aðrar upplýsingar

Í viðtali við Pál Guðmundsson sem Hjalti Pálsson tók 1999 segir Páll að ekkert sé eftir af býlinu því búið sé að slétta yfir minjarnar (Úr óprentuðu viðtali við Pál Guðmundsson. Hjalti Pálsson, 1999).



### Laugaland-113

**Sérheiti:** Lambhagi

**Hlutverk:** Vörslugarður?

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat:** Mikil hættu. Minjarnar liggja niður að sjó þar sem að greinilegt landbrot er og hefur þegar brotið af þeim til norðurs.

### Staðhættir


Lambhagi (Fúluvíkurhagi) heitir austast í landi Laugalands, við merkin við Mósakóga. Garðlag afmarkar hagann og Lambhaganes (Músanes) sem er þar framan við.

### Lýsing

Garðlagið liggur í boga frá norðri til suðurs og beygir síðan til austurs og þaðan áfram til sjávar. Það er næstum samfellt, rofnar aðeins á tveimur stöðum, annars vegar þegar sem skurður hefur verið grafinn í gegnum það og hinsvegar þar sem garðurinn hefur legið í gegnum mýri. Það er alls um 400m langt, mest um 1m á hæð og mest 2,5m á breidd.

### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Niður við sjóinn er Lambhagi, hann hefur fyrrum verið girtur með mjög öflugum garði, þar niður af er Lambhaganes, þá Lambhagavík. Þetta eru allt gömul nöfn, en nú eru komin ný örnefni á þessi staði og eru kallaðir, Fúluvíkurhagi, Músarnes og Fúlavík.“ (Ö-Laugaland, 1).



### Laugaland-114

**Hlutverk:** Naust

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hætta.

Þegar hefur brotnað af tóftinni til norðurs vegna landbrots af völdum sjávar.

**Staðhættir**

Upp af Lambhagavík (Fúluvík) eru tóftir og virðast að minnsta kosti tvær þeirra vera naust.

**Lýsing**

Tóftin liggur fram á

sjávarbakka og snýr norður/suður og er norður endi rofinn af landbroti. Hún er 2x6m að utanmáli. Veggir eru grónir, að nokkru komnir í þúfur, 40-60sm háir og mest rúmlega 1m á breidd.

### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Við Lambhagavík voru mörg naust, og bendir það á fornt útræði þar, þó að ekki þekkist í manna minni.“ (Ö-Laugaland, 1).



Mynd 47. Tóft nr. 114 nær á mynd en tóft nr. 115 er fjær. Tóftirnar liggja báðar fram á sjávarbakka og eru í mikilli hættu af völdum landbrots. Horft er í norðaustur.

löggun, 30-70sm háir og mest rúmlega 1m á breidd. Dyr hafa verið til norðurs og framan við tóftina virðast vera leifar veggja.

### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Við Lambhagavík voru mörg naust, og bendir það á fornt útræði þar, þó að ekki þekkist í manna minni.“ (Ö-Laugaland, 1).

### Laugaland-115

**Hlutverk:** Naust

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hætta.

Tóftin liggur fram á sjávarbrún þar sem greinilegt landbrot er af völdum sjávar.

**Staðhættir**

Upp af Lambhagavík (Fúluvík) eru tóftir og virðast að minnsta kosti tvær þeirra vera naust (sjá nr. 114 og 115).

**Lýsing**

Tóftin snýr norður/suður og er 3x7,5m að utanmáli. Veggir eru grónir, þýfðir en reglulegir að



Mynd 48. Beitarhúsatóft nr. 116. Horft er til austurs og má sjá hvernig sjórinn hefur brotið af tóftinni til norðurs.

### Laugaland-116

**Hlutverk:** Beitarhús, fjárhús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hætta.

Tóftin liggur fram á sjávarbrún þar sem greinilegt landbrot er af völdum sjávar og þegar hefur brotið af tóftinni.

**Staðhættir**

Upp af Lambhagavík (Fúluvík) er töluvert af tóftum og þar á meðal fjárhús eða beitarhúsa-tóft.

**Lýsing**

Tóftin liggur norðaustur/suðvestur, samsíða sjávarbakka-

num. Þarna er nokkuð landbrot og hefur sjórinn brotið af tóftinni til norðurs. Tóftin er 9x16m að utanmáli, veggir eru allt að 80sm háir og mest um 2m á breidd. Þeir eru grasi og mosa grónir en grjóthleðslur sjást bæði í veggjum og garða. Hlaða eða heytóft hefur verið til norðausturs en veggir hennar eru mikið hrundir og að hluta brotnir af.

### Laugaland-117

**Hlutverk:** Óþekkt, sjóbúð

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hætta. Tóftin er um 10m frá sjávarbakka þar sem land brýtur.

**Staðhættir**

Upp af Lambhagavík (Fúluvík) er töluvert af tóftum og norður af tóftum (nr. 113) er tóft.

**Lýsing**

Tóftin snýr austur/vestur og hafa dyr snúið til austurs. Hún er 5x6m að utanmáli, veggir 30-100sm háir og mest um 2m á breidd. Þeir eru þýfðir, grónir grasi og mosa og hvergi sér í grjót. Vesturveggur er frekar lágur en aðrir veggir stæðilegri.

### Laugaland-118

**Hlutverk:** Óþekkt, sjóbúð

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hætta. Tóftin er rétt innan við 10m frá sjávarbakka þar sem landbrot er greinilegt.

**Staðhættir**

Upp af Lambhagavík (Fúluvík) er töluvert af tóftum og austur af tóft (nr. 117) er tóft.

**Lýsing**

Tóftin er 5x5m að utanmáli, veggir 30-60sm háir og mest um 1,5m á breidd. Hún er gróin og þýfð og innbrúnir veggja eru ógreinilegar og dyr sjást ekki.

### **Laugaland-119**

**Hlutverk:** Óþekkt, sjóbúð

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Mikil hætta.** Tóftin liggur fram á sjávarbakka þar sem landbrot er greinilegt og að líkindum hefur þegar brotið af henni til norðurs.

#### **Staðhættir**

Upp af Lambhagavík (Fúluvík) er töluvert af tóftum og á sjávarbakkanum, vestan við tóft nr. 114 er tóft.

#### **Lýsing**

Tóftin snýr norður/suður og hafa dyr snúið mót norðri. Veggir eru þýfðir og að mestu grónir en rofnir á köflum og þar sér í grjóthleðslur. Þeir eru 30-70sm háir og rúmlega 1m á breidd.

### **Laugaland-120**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat: Mikil hætta.** Garðlagið liggur fram á sjávarbakka þar sem landbrot er greinilegt og að líkindum hefur þegar brotið af því til.

#### **Staðhættir**

Upp af Lambhagavík (Fúluvík) er nokkur fjöldi tófta og á sjávarbakkanum, vestan við tóft nr. 117 er garðlag, að líkindum veggjaleifar.

#### **Lýsing**

Garðlagið snýr norður/suður og er 1,5m á lengd. Það er algróið og brotið af því til norðurs, 40-60sm hátt og um 1m á breidd. Það virðist stakt en rúmlega 2m vestan við það er röð þúfna sem gætu verið veggjaleifar.

### **Laugaland-121**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Garðlag


**Hættumat: Hætta.** Garðlagið er rétt innan við 20m frá sjávarbrún þar sem að landbrot er greinilegt.

#### **Staðhættir**

Upp af Lambhagavík (Fúluvík) er töluvert af tóftum og á sjávarbakkanum, suður af tóft nr. 118 er garðlag.

#### **Lýsing**

Garðlagið er algróið grasi og mosa og að nokkru þýft. Það snýr austur/vestur og er rúmlega 3m á lengd 1m á breidd og 20-60sm hátt.



### Laugaland-122

**Hlutverk:** Óþekkt, heytóft

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Engin hættta.** Tóftin er um 65m frá sjávarbakka þar sem landbrot er greinilegt en ekki er talið að hún sé í hættu í náinni framtíð.

**Staðhættir**

Upp af Lambhagavík (Fúlúvík), er töluvert af tóftum og um 65m frá sjó er stök tóft.

**Lýsing**

Tóftin snýr ANA/VSV og er 2,5x6m að utanmáli. Veggir eru 30-50sm háir og mest rúmlega 1m á breidd. Þeir eru algrónir og þýfðir og umhverfið er þýfður mói og tóftin illgreinanleg þar sem hún fellur vel að umhverfi sínu.

### Laugaland-123

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Niðurgröftur-hleðsla, tóft

**Hættumat: Engin hættta.** Tóftin er um 80 m frá sjávarbakka þar sem landbrot er greinilegt en ekki er talið að minjunum stafi hættta af landbroti í nánustu framtíð.


**Staðhættir**


Í mólendi, Upp af Lambhagavík (Fúlúvík), um 80m suður af sjávarbakkanum en innan garðlags

nr. 113 sem afmarkar Lambhagann er niðurgröftur eða niðurgráfin tóft.

**Lýsing**

Niðurgröfturinn er á smá hól og er um 30-80sm djúpur og rúmlega 1m breiður kantur eða veggur er meðfram brún hans. Kanturinn eða veggurinn er þýfður og algróinn og einnig umhverfi niðurgráftarins. Það er mögulega veggur austan við niðurgröftinn en þær eru nokkuð reglulegar að lögun og virðast geta verið veggur.





#### **Laugaland-124**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hætta.

#### **Staðhættir**

Norður af garðlagi nr. 113 er aflangur hóll sem liggur frá suðvestri til norðausturs og á honum og við hann eru tóftir. Ein tóftanna er við suðvestur enda hólsins.

#### **Lýsing**

Tóftin snýr norður/suður og er

3x7m að utanmáli. Veggir eru stórbýfðir og lögun ekki vel greinanleg. Hún er algróin, veggir 30-50sm háir og tæpir 2m á breidd.

#### **Laugaland-125**

**Hlutverk:** Óþekkt, beitarhús

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hætta.

#### **Staðhættir**

Norður af garðlagi nr. 113 er aflangur hóll sem liggur frá suðvestri til norðausturs og á honum og við hann eru tóftir. Ein þeirra er suðvestan til á hólnum.

#### **Lýsing**

Tóftin liggur norðaustur/suðvestur og er rúmlega 4x12m að utanmáli. Veggir eru lágur, sumstaðar horfnir, um 30sm háir og 1-1,5m á breidd. Þeir eru algrónir grasi og mosa.

#### **Laugaland-126**

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Tóft


**Hættumat:** Engin hætta.

#### **Staðhættir**

Norður af garðlagi nr. 113 er aflangur hóll sem liggur frá suðvestri til norðausturs og á honum og við hann eru tóftir. Norðaustan undir hólnum er tvískipt tóft.

#### **Lýsing**

Tóftin liggur norðaustur/suðvestur og er 7x9m að utanmáli. Kró hefur að líkindum verið til suðvesturs en réttin til norðausturs. Engin hlið eru greinanleg. Veggir eru þýfðir og algrónir, grasi og mosa. Þeir eru 30-50sm háir og tæpir 2m á breidd.



### **Laugaland-127**

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Engin hætta.

**Staðhættir**

Upp við garðlagið (nr. 112) sem afmarkar Lambhaga er tóft.

**Lýsing**

Tóftin liggur VSV/ASA og er 7x17m að utanmáli. Hún er þrískipt og virðist vera innangengt að minnsta á milli tveggja hólfa. Útlínur

eru frekar ill greinanlegar en innveggir greinilegri. Tóftin er stórbýfð, veggir 40-70sm háir og mest um 2,5m á breidd. Tóftin stendur á smá upphækkun og sker sig úr umhverfi.

### **Horfna minjar**

#### **Laugaland-128**

**Sérheiti:** Laugalandskot/Kot

**Hlutverk:** Híbýli

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Fyrir vestan Sólheima er annað tún, þar eru kölluð Kot, þar mátti sjá greinileg 9 naust árið 1916, þegar Jónmundur flutti þangað. Nú eru þau öll afbrotin.“ (Ö-Laugaland, 2).

**Lýsing**

Ekki er vitað nákvæmlega hvar býlið stóð og greinilegar minjar fundust ekki við skráningu 2013 og mögulega eru tóftir býlisins með öllu horfna í sjó. Þó eru minjar á þessu svæði sem gætu verið leifar býlisins (sjá nr. 104, 110 og 111).

#### **Laugaland-129**

**Sérheiti:** Kot

**Hlutverk:** Naust

**Tegund:** Heimild

**Staðhættir**

Í örnefnaskrá segir: „Fyrir vestan Sólheima er annað tún, þar eru kölluð Kot, þar mátti sjá greinileg 9 naust árið 1916, þegar Jónmundur flutti þangað. Nú eru þau öll afbrotin.“ (Ö-Laugaland, 2).

**Lýsing**

Tóftir nausta fundust ekki á þessu svæði við skráningu 2013 og eru að líkindum farnar í sjó eins og segir í örnefnaskrá. Þúst (nr. 104) á sjávarbakknum fyrir miðri Löngufjöru gæti þó verið leifar nausts. Tóftir af naustum eru í Lambhagavík/Fúluvík sjá nr. 114 og 115.

## Móskógar-söguágrip

Móskóga er fyrst getið í sálugjafarbréfi Margrétar Þorvaldsdóttur frá 1401 þar sem hún gefur kirkjunni m.a. hálfann reka fyrir Móskógum, bæði hval og við og flutninga úr miðri Láturhólavík inn til móts við Ysta-Mó.<sup>72</sup>

Í jarðamati frá 1714 segir að selveiðivon sé í betra lagi en rekavon lítil. „Heimræði má hjer valla telja, því lendíng er ófær þegar að amar, þó hafa menn haft hjer skip á vor eður sumur þegar veðurátta hefur verið stílt. Nú ekki í margt ár.<sup>73</sup>

Hjáleigan Grundarkot er í jarðamati 1714 sögð hafa verið í eyði síðastliðin 40 ár.<sup>74</sup> Í örnefnaskrá Móskóga segir að tóftarbrot og túnblettur hafi verið neðan við fjallið og hafði það verið nefnt Móskógakot en síðar fékk það nafnið Grundargerði.<sup>75</sup>

Í fasteignamati 1916-18 er fjörubeit sögð ágæt, trjáreki um 15 krónu virði árlega, hægt til sjávar og hrognkelsaveiði góð.<sup>76</sup>



Mynd 49. Landbrot fyrir landi Móskóga en jörðin er opin fyrir norðanáttum.

<sup>72</sup> Íslenzkt fornbréfasafn III, 671.

<sup>73</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 288.


<sup>74</sup> Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX, 288.

<sup>75</sup> Ö-Móskógar, 2.

<sup>76</sup> Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. Fasteignamat Skagafjarðarsýslu 1916-1918. Móskógar nr. 32. [www.myndir.handrit.is](http://www.myndir.handrit.is). Skoðaður þann 07.08.2013.



## Fornleifaskráning



### Móskógar-130

**Sérheiti:** Stekkur

**Hlutverk:** Stekkur

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Hætta.

Tóftin er tæplega 40m frá sjávarbakka þar sem að landbrot er greinilegt.

### Staðhættir

Á hól upp af Stekkjarvík í þýfðu gras- og mólendi er stekkjartóft og austan við hana rétt (sjá nr. 131).

### Lýsing

Tóftin er eins og áður segir á hól og virðist vera byggð ofan í eldri minjar. Hún snýr norður/suður og er króin til suðurs en réttin norðurs. Hlið hefur verið á réttinni og snúið mót norðri. Veggir eru 30-70sm háir og um 1,5m á breidd, þýfðir og grasi grónir en sér í grjóthleðslur sem eru að nokkru hundar.

### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Merkjaklappar hefur áður verið getið, á merkjum Laugalands og Móskóga. Er hún lítill klettur, sem gengur frá bakkanum fram í fjöruna. Venjulega var gengt framan við hana. Sunnan hennar skarst lítill vík inn í landið, kölluð Stekkjarvík. Beint upp af henni var Stekkur og sjást brot hans enn. Stekkjarmór var kargaþýfður mór kringum Stekkinn.“ (Ö-Móskógar, 3).

### Móskógar-131

**Sérheiti:** Stekkur

**Hlutverk:** Óþekkt, stekkur?

**Tegund:** Tóft


**Hættumat: Hætta.** Tóftin er tæplega 40m frá sjávarbakka þar sem að landbrot er greinilegt.

**Staðhættir**

Á hól upp af Stekkjarvík í þýfðu gras- og mólendi er stekkjartóft (nr. 129) sem virðist byggð ofan í eldri minjar.

**Lýsing**

Stekkjartóftin (nr. 129) virðist vera byggð ofan í eldri tóftir og sunnan við hana eru eldri veggir sem líklega eru leifar þessara minja. Veggir eru 30sm háir og mest um 1m á breidd, þýfðir og grónir grasi og mosa. Tóftin eða það sem sést af henni er um 3x3,5m að utanmáli.



### Móskógar-132

**Hlutverk:** Rétt

**Tegund:** Garðlag

**Hættumat: Hætta.** Tóftin er rúmlega 40m frá sjávarbakka þar sem að landbrot er greinilegt.

**Staðhættir**

Á hól upp af Stekkjarvík í þýfðu gras- og mólendi er stekkjartóft (nr. 130) og vestan við hana er garðlag, líklega rétt.

**Lýsing**

Garðlagið liggur norður/suður og hlið hefur snúið mót norðri. Austurveggur liggur upp að hólnum sem stekkjartóftin (nr. 130) stendur á. Veggir eru 20-60sm háir og rúmlega 1m á breidd og 20-60sm háir, grasi og mosa grónir og að nokkru þýfðir.

### Móskógar-133

**Hlutverk:** Fjánhús, beitarhús

**Tegund:** Tóft



**Hættumat: Hætta.** Tóftin er um 25m frá sjávarbakka þar sem að landbrot er greinilegt.

**Staðhættir**

Upp af Stekkjarvík í þýfðu graslendi er fjánhús eða beitarhúsatóft.

**Lýsing**

Tóftin liggur nánast NNA/SSV og er 6x8,5m að utanmáli. Hún er tvískipt, til norðurs er fjánhús með garða en heytóft til suðurs og hefur verið innangengt í hana af garða. Veggir eru grasi grónir en sér í grjóthleðslur neðst í veggjum og í garða. Á nokkrum stöðum sér í torf ofan á grjóthleðslunni. Veggir eru 30-60sm háir og mest rúmlega 1m á breidd en lægri í heytóftinni. Þeir eru orðnir nokkuð þýfðir.



### Móskógar-134

**Hlutverk:** Óþekkt, híbýli

**Tegund:** Tóft

**Hættumat: Engin hætta.** Tóftin er um 70m frá sjávarbakka þar sem að landbrot er greinilegt.

**Staðhættir**

Upp af Stekkjarvík í þýfðu mólendi er aflöng tóft. Mýri er sunnan við tóftirnar.

**Lýsing**

Tóftin liggur nokkurn veginn norður/suður og er 5x15-20m að utanmáli. Tóftin er algróin grasi og mosa en það sér í grjót í veggjum á nokkrum stöðum. Tóftin virðist skiptast í þrjú hólf. Nyrst er hólf sem virðist vera tvískipt en norðan við það eru tvær óljósari dældir. Veggir eru 30-70sm háir og mest um 2m á breidd. Minjarnar eru á nokkurri upphækkun og gæti verið byggð á eldri minjum.

### Móskógar-135

**Hlutverk:** Mógröf

**Tegund:** Niðurgroftur

**Hættumat: Mikil hætta.** Minjarnar eru við sjávarbrún.

**Staðhættir**

Syðst í svonefndum Grenhólum (sjá örnefnaskrá Móskóga bls. 3) er niðurgroftur og þar virðist hafa verið tekinn mór.

**Lýsing**

Mógröfin er tæplega 60m<sup>2</sup> og um 50sm djúp.

### Móskógar-136

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat:** Mikil hættu.

Minjarnar eru á sjávarbakka og hefur þegar brotið af þeim.

**Staðhættir**

Fremst á sjávarbakka í Stekkjarvík eru veggjalög, í þýfðu graslendi, sem virðast vera leifar tóftar.

**Lýsing**

Veggjaleifarnar eru 20-30sm háar og virðast afmarka 1-3 hólfi, 2,5x6m að utarmáli. Þeir eru grónir en sér í grjóti þar sem jarðvegurinn slútir fram af bakkanum. Þúfnakragi er sunnan við sem gæti verið veggur en gæti jafnframt verið náttúruleg myndun.



Mynd 50. Hleðsla á sjávarbakkanum í Stekkjarvík. Horft er til norðvesturs.



Mynd 51. Þúst nr. 137 á bakkanum yst í Bæjarvík. Horft er til suðausturs.

### Móskógar-137

**Hlutverk:** Óþekkt

**Tegund:** Þúst

**Hættumat:** Mikil hættu.

Minjarnar eru á sjávarbakka og hefur þegar brotið af þeim.


**Staðhættir**

Á sjávarbakkanum nyrst í Bæjarvík er þúst. Þarna er greinilega töluvert landbrot og gróðurtorfan slútir fram af brúnni.

**Lýsing**

Þústin er um 30sm há, aflöng og liggur meðfram sjávarbakkanum frá NNV til SSA alls 5m löng

og 2m breidd. Hún er grasi gróin og þýfð. Óvíst er hvort um er að ræða mannvistarleifar eða náttúrulega myndun.



### Móskógar-138

#### Sérheiti:

Klaufin eða  
Móskógaklauf

**Hlutverk:** Lending

**Tegund:** Heimild

#### Staðhættir

Í örnefnaskrá segir: „Á nesinu sunnan við Bæjarvíkina gengu klettur fram í sjó og fram úr þeim tveir ranar með stuttu millibili. Á milli þeirra heitir Klaufin eða Móskógaklauf.“

(Ö-Móskógar, 3).

#### Lýsing

Punktur var tekinn samkvæmt lýsingu í örnefnaskrá.

#### Aðrar upplýsingar

Í örnefnaskrá segir: „Á sumrin þegar gott var í sjó var lent í Klaufinni og báturinn settur upp í fjöruna ofan hennar. Ekki var þarna pláss fyrir nema einn bát. Væri ekki ládaður sjó var alltaf lent í Mósvík fyrir Yztamósland og þar var báturinn geymdur á veturna.“ (Ö-Móskógar, 3). Í viðtali við Pál Guðmundsson á Miðmói sem Hjalti Pálsson tók í október 1999 segir hann að Móskógar hafi átt Klaufina sem oftast nær var uppsátrið í Móskógum. Þá var bátnum róið upp í klaufina og settur þar upp en nokkuð var aðjúpt (Úr óprentuðu viðtali við Pál Guðmundsson. Hjalti Pálsson, 1999).



Mynd 52. Hleðsla nr. 139. Rofið er af henni til norðausturs.

### Móskógar-139

**Hlutverk:** Óþekkt, sjóbúð,  
naust

**Tegund:** Hleðsla

**Hættumat:** Mikil hættu.

Töluvert hefur brotið af minjunum vegna landbrots af völdum sjávar.

#### Staðhættir

Á nesinu milli Bæjarvíkur í Mósgerðislandi og Mósvíkur í Móskógalandi eru tóftir. Vestast á nesinu er grjóthleðsla, leifar tóftar sem er að öðru leyti farin í sjó.

### Lýsing

Hleðslan liggur fram á sjávarbakka þar sem landbrot er greinilegt og eru veggir eru horfnir til norðvesturs. Hleðslan er mest um 50sm há og innan við 1m á breidd. Óvíst er hvert hlutverk hefur verið en miðað við staðsetningu og útlit hleðslunnar sem eftir stendur er líklegt að þarna hafi verið sjóbúð eða naust.

### Móskógar-140

**Hlutverk:** Óþekkt, sjóbúð, naust

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hættu.

Töluvert hefur brotið af tóftinni vegna landbrots af völdun sjávar.

### Staðhættir

Á nesinu milli Bæjarvíkur í Móskógalandi og Mósvíkur í Móskógalandi eru tóftir. Nesið er klofið fyrir miðju og á vesturbrúninni er tóft sem er að miklu leyti af brotin.

### Lýsing

Tóftin hefur að líkindum snúið norðvestur/suðaustur og er það sem eftir er af henni 2x8m að utanmáli. Hún er rofin til austurs. Veggir eru grónir grasi og mosa, þeir eru rúmlega metri á breidd og um 50sm háir.



Mynd 53. Tóft nr. 140. Horft er til suðausturs. Lengst til vinstri sér hvar er farið að brotna af tóftinni vegna ágangs sjávar.



Mynd 54. Horft er til ASA. Tóft nr. 141 er fremst á tanganum og sést hvernig sjórinn hefur brotið af bæði tóftinni og tanganum.

### Móskógar-141

**Hlutverk:** Óþekkt, sjóbúð, naust

**Tegund:** Tóft

**Hættumat:** Mikil hættu.

Töluvert hefur brotið af tóftinni vegna landbrots af völdun sjávar.

### Staðhættir

Á nesinu milli Bæjarvíkur í Mósgerðislandi og Mósvíkur í Móskógalandi eru tóftir. Austast á nesinu eru leifar tóftar sem er að hluta farin í sjó.

### Lýsing

Tóftin hefur legið nokkurn veginn norður/suður og eru leifar hennar 4,5x5m að utanmáli. Veggir eru grjóthlaðnir og sér í hleðslur en veggir að öðru leyti grasi og mosa vaxnir, rúmlega 1m á breidd og 80sm háir.

## Samantekt

Fornleifaskráningin fór fram í ágúst og september 2013. Í heild voru skráðar 142 minjar þar af eru 13 minjar horfnar en 10 minjar sem horfnar eru var hægt að staðsetja með viðunandi nákvæmni með aðstoð heimilda eða heimildamanna. Minjar sem hægt var að staðsetja eru því samtals 129 (sjá töflu 1) og minjar sem skráðar voru á vettvangi 116 (sjá töflu 2). Í töflu 2 má sjá fjölda minja eftir mati á hættuástandi. Þar af eru minjar sem taldar eru í *mikilli hættu* 45, þær sem taldar eru í *hættu* 45 og *engri hættu* eru 26. Minjar þar sem hættuástand er sagt ómetið eru þær minjar sem eru horfnar eða minjar sem ekki reyndist unnt að meta s.s. lendingar og uppsátur, þær eru alls 13. Minjar í *mikilli hættu* eru þær sem hafa þegar orðið fyrir skemmdum eða eru innan við 10m frá sjávarbrún þar sem landbrots gætir og er það helmingur þeirra minja sem teljast vera í hættu. Hættuorsök er í öllum tilvikum nema einu landbrot. Lista yfir minjarnar má sjá í meðfylgjandi hnitaskrá þar sem minjar í hættu eru merktar með gulu, minjar í mikilli hættu með rauðu en minjar sem ekki eru taldar í hættu eru merktar með grænu.

Tafla 1. Fjöldi minja

<b>Heildarfjöldi minja*</b>	142
<b>Horfnar minjar**</b>	13
<b>Horfnar staðsettar***</b>	10
<b>Minjar sem hægt var að staðsetja</b>	<b>129</b>

\*Heildarfjöldi minja er sá fjöldi sem skráður er upp úr heimildum, eftir heimildamönnum og á vettvangi.

\*\*Horfnar minjar eru þær sem ekki fundust á vettvangi eða sem heimildamenn mundu eftir og eru horfnar í sjó. Það er ljóst að þessi tala er í raun mun hærri þar sem að heimildir eru á engan hátt tæmandi um þær minjar sem farnar eru í sjó, sem dæmi má nefna að sums staðar eru nefndar horfnar sjóbúðir en fjöldi þeirra er ekki getið.

\*\*\*Horfnar en staðsettar minjar eru þær sem hægt var að staðsetja með fullnægjandi nákvæmni út frá heimildum eða með aðstoð heimildamanna. Áætluð möguleg skekkja er gefin upp í texta.

Í töflu 2 má sjá samanburð á hættumati á minjum sem skráðar voru 2013 og til samanburðar eru tölur frá árinu 2012. Hlutfallið er mjög svipað og þar sem búið er að skrá meiri hluta svæðisins sem lagt var upp, með má gera ráð fyrir að heildarniðurstöður verði á svipuðu róli.

Tafla 2. Hættumat

Hættumat	Fjöldi minja	Hlutfall af minjum sem skráðar voru á vettvangi 2013 (%)	Hlutfall af minjum sem skráðar voru á vettvangi (%) 2012
<b>Mikil hættu</b>	45	39	40
<b>Hættu</b>	45	39	40
<b>Engin hættu</b>	26	22	20
<b>Minjar skráðar á vettvangi</b>	<b>116</b>	<b>100%</b>	<b>100%</b>


Ástandi minja er skipt í 5 flokka samkvæmt stöðlum Minjastofnunar Íslands en hér er bætt við einum flokki sem kallaður er ómetið en í hann flokkast minjar þar sem ekki var unnt að meta ástand en það eru t.d. lendingar og uppsátur. Skiptingu í flokka eftir ástandi má sjá í töflu 3.

Tafla 3. Ástand minja

Heillegar	Vel greinanleg	Greinanleg	Illgreinanleg	Sést ekki	Ómetið	Samtals
2	31	49	32	10	5	<b>129</b>
2%	24%	38%	25%	7%	4%	<b>100%</b>

Oft getur reynst erfitt að ákvarða hlutverk minja einkum ef ástand þeirra er ekki gott en sjá má í töflu 3 að 32% minjanna er illgreinanlegar og 38% eru greinanlegar fornleifar. Samkvæmt skilgreiningu eru illgreinanlegar fornleifar þær sem „hafa orðið fyrir töluverðu raski af völdum náttúru eða manna.“ Um greinanlegar fornleifar segir: „Fornleifarnar eru greinanlegar en erfitt að sjá upprunalegt lag eða form mannvirkis. Ef um hleðslur er að ræða þá eru þær signar og eða hrundar að því marki að lögun tófta er orðin ógreinileg og hafa jafnvel hlaupið í þúfur.“ (Sjá staðla Minjastofnunar Íslands, 42). Aðeins 2% minjanna fer flokkinn heillegar minjar og vel greinanlegar minjar eru 24%.

Graf 1.



Á grafi 1 hefur minjum verið skipt í 15 flokka eftir hlutverki en þar hafa t.d. allar landbúnaðarminjar (s.s. fjárhús, beitarhús, stekkir) verið sameinaðar í einn flokk. Samkvæmt þessu eru minjar með óþekkt hlutverk stærsti flokkurinn en í hann eru 45 minjar skráðar. Sjóminjar og Landbúnaðarminjar eru næst stærstu flokkarnir, sjóminjar eru 17 landbúnaðarminjar 16.



## Áhugaverðar minjar í hættu

### **Bakki á Bökkum**

Vestast í landi Bakka, við sjóinn, upp af svonefndri Húsavík er fjöldi minja. Þær eru ekki allar frá sama tíma og eru þær yngstu líklega frá því snemma á 20. öld en þær elstu gætu verið töluvert eldri. Þær yngstu virðast flestar vera landbúnaðarminjar, stekkir og fjárhús eða beitarhús. Þarna var þó lending og einhverjar minjanna gætu verið tengdar sjósókn. Það liggur einnig garðlag (nr. 80) upp af víkinni og hefur að líkindum girt af nokkurt svæði þarna, hugsanlega vörslugarður, einhverskonar gerði eða jafnvel túngarður. Minjarnar sem næst liggja sjó eru taldar í mikilli hættu af völdum landbrots. Áhugavert væri að rannsaka minjar á svæðinu með tilliti til hlutverks og aldurs og beina sjónum þá einkum af þeim minjum sem eldri virðast og hlutverk er óþekkt (t.d. nr. 71-73; 75-78; 81-85).

Austar í landi Bakka, upp af svonefndri Stóruvíkjarvík er norðurendi garðlags (nr. 97) og við hann garðlög að þústir (95-96; 98-99) sem taldar eru í mikilli hættu vegna landbrots.

Við landamerki milli Bakka og Lauglands er garðlag (nr. 101) og innan þess tóft (nr. 102). Óvíst er um hlutverk þessara minja en ekki virðist ólíklegt að um einhverskonar gerði sé að ræða fremur en túngirðingu en slíkt verður þó ekki fullyrt nema með frekari rannsókn.

### **Laugaland á Bökkum**

Lambhagi og Lambhaganes eru austast í landi Lauglands, við sjó. Lambhaginn er afgirtur með garði (nr. 113) og innan hans er fjöldi tófta. Hluti þeirra eru landbúnaðarminjar en hluti virðist tengdur sjósókn. Minjarnar eru frá mismunandi tímabilum og þær yngstu líklega frá fyrri hluta 20. aldar. Þær minjar sem liggja við sjó eru allar taldar í hættu og væri áhugavert að rannsaka þær með tilliti til aldurs og mögulega hlutverks (nr. 114-115; 117-120). Aðrar minjar í haganum eru lengra frá sjó og ekki taldar í hættu.

### **Bæjarklettur**

Útræði var frá Bæjarklettum fram um miðja 20. öld og búið var í nokkrum húsum niður við klettana. Líklegt er að útræði hafi verið þar um langt skeið og eru til heimildir um sjóbúðir í jarðabók 1714. Minjarnar eru vel flestar frá 19. og 20. öld en fróðlegt væri að taka borkjarna og sjá hvort finna megi ummerki um eldri mannvist á svæðinu.

### **Þönglaskáli Þönglabakki/**

Þönglabakki var býli í landi Þönglaskála nú Voga og stóð niður við sjóinn. Minjarnar sem þar eru að finna eru flestar frá 19. og 20. öld. Góð lending var við Þönglaskála og líklega hefur verið útræði þar um langan tíma og því væri áhugavert að taka borkjarna til þess að kanna hvort finna megi eldri mannvistarleifar.

## Niðurlag

Nú er lokið fornleifaskráningu sjóminja á öllum jörðum við austanverðan Skagafjörð að þremur ystu undanskildum. Niðurstöður fornleifaskráningar sumarsins voru nánast þær sömu og 2012 og er hlutfall minja sem taldar eru í mikilli hættu um 40%. Ritheimildir og frásagnir heimildamanna sýna að landbrot hefur verið töluvert á vel flestum jörðum á 20. öld og flestum ber saman um að það hafi heldur verið að aukast á síðustu 10 árum. Síðastliðin 10 ár virðist einnig vera farið að gæta landbrots á jörðum þar sem það hefur ekki verið áður s.s. á nokkrum jörðum í Óslandshlíð. Haldi landbrot áfram með sama hætti munu tugir minja fara í sjó næstu ár og áratugi. Þar með hverfa merkilegar heimildir um nábyli við hafið; útræði, verslun og gamla búskaparhætti. Skráningin skapar vonandi grundvöll til forgangsriðunar nauðsynlegra rannsókna og/eða mótvægisáðgerða til bjargar þeim minjum og þeirri vitneskju sem þó eru enn til staðar.

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er enn sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning jarðlægra eða horfinna minja er þekkt. Hins vegar ber að gæta að því að minjar geta einni leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem ákvarðar um frekari áðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

## Heimildaskrá

Björn Egilsson. Hartmann Ásgrímsson í Kolkuósi. Í *Skagfirðingabók*. 12. bindi. Sögufélag Skagfirðinga. Reykjavík, 1983.

*Byggðasaga Skagafjarðar V. Rípurhreppur-Viðvíkurhreppur*. Hjalti Pálsson ritstj. Sauðárkrókur. Sögufélag Skagfirðinga, 2010.

*Íslenskt Fornbréfasafn I 834-1264*. Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn, 1857-76.

*Íslenskt Fornbréfasafn II 1253-1350*. Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn, 1893.

*Íslenskt Fornbréfasafn III 1269-1415*. Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn, 1896.

*Íslenskt Fornbréfasafn IV 1265-1449*. Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn, 1897.

*Íslenskt Fornbréfasafn V 1330-1476*. Hið íslenska bókmenntafélag. Kaupmannahöfn, 1899-1902.

*Jarða- og búendatal í Skagafjarðarsýslu 1781-1958; ásamt skráum yfir opinbera starfsmenn o.fl. 1700-1958*. Í Skagfirsk fræði (11. árg.). Sögufélag Skagfirðinga, 1949-1959.

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín IX*. Hið íslenska fræðafélag. Kaupmannahöfn, 1930.

Jóhannes Sigurðsson. Horft til baka; menn og umhverfi. Í *Skagfirðingabók 5*. Sögufélag Skagfirðinga. Reykjavík, 1970.

*Sturlunga Saga*. Fyrra bindi. Jón Jóhannesson o.fl. sáu um útgáfu. Sturlunguútgáfan. Reykjavík, 1946.

Sverrir Páll Erlendsson. *Fljót í Skagafirði á 19. öld*. Í *Skagfirðingabók 7*. Reykjavík 1975.

*Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873 I - Húnavatnssýsla*. Hið íslenska bókmenntafélag. Akureyri, 1950.

Þorleifur Einarsson. *Myndun og mótun lands*. Mál og Menningar. Reykjavík, 1994.

## Örnefnaskrár

**(Ö-Bakki)** Bakki. Kristján Eiríksson skráði (1972). Örnefnastofnun Íslands. Reykjavík.

**(Ö-Bær)** Bær á Höfðaströnd. Margeir Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands. Reykjavík.

**(Ö-Laugaland)** Laugaland á Bökkum. Margeir Jónsson (árt. óþekkt). Örnefnastofnun Íslands. Reykjavík.

**(Ö-Lónkot 2)** Lónkot. Kristján Eiríksson skráði (1972). Örnefnastofnun Íslands. Reykjavík.

**(Ö-Miðhús)** Miðhús. Jóhann Ólafsson skráði (1971). Örnefnastofnun Íslands. Reykjavík.

**(Ö-Móskógar)** Móskógar. Kristján Eiríksson (1976). Örnefnastofnun Íslands. Reykjavík

**(Ö-Ósland)** Ósland. Jóhann Ólafsson skráði (árt. óþekkt). Örnefnastofnun Íslands. Reykjavík.

**(Ö-Ósland 2)** Ósland. Margeir Jónsson skráði. Örnefnastofnun Íslands. Reykjavík.

**(Ö-Pönglaskáli)** Pönglaskáli. Jóhann Ólafsson (1971). Örnefnastofnun Íslands. Reykjavík.

## Óútgefin handrit

HSk. 2129, 4to: *Syrpur Björns í Bæ 2*. Björn Jónsson.

HSk. 2130, 4to: *Haustróðrar á Bæjarklettum*. Björn Jónsson í Bæ nr. 3

HSk. 2136, 4to: *Vinnubrögð við fisk á Bæjarklettum 1910-1930*. Björn Jónsson í Bæ nr. 9

HSk. 2146, 4to: *Syrpur Björns í Bæ*. Björn Jónsson.

HSk. 440, fol.: Dagbók Björns í Bæ 26.-28. október 1934

Viðtal við Pál Guðmundsson (1999). Hjalti Pálsson tók viðtalið og skráði.

*Hamingjan er hinn raunverulegi árangur lífsframvindunnar.* Í Vísi 30.10.67.

Björn Jónsson í Bæ. *Jóhann Sigurjónsson og hugmyndin um hafnargerð við Höfðavatn.* Í Lesbók Morgunblaðsins 15.02.70.

### **Heimasíður**

Heimasíða Alþingis. <http://www.althingi.is/altext/stjt/2012.080.html>. Skoðað þann 25.03.2013.

Heimasíða Minjastofnunar Íslands. <http://vu2055.andrew.1984.is/index.php/en/fornleifa-vernd/utgafa/viewcategory/5-stadhlar-og-fylgigoegn>. Skoðað þann 26.02.2013.

Jarðavefur Þjóðskjalasafns Íslands. <http://myndir.handrit.is/>.

Fasteignamat 1916-1918 –undirmat; Skagafjarðarsýsla. Ósland nr. 43, bls. 106-107.

Fasteignamat 1916-1918 –undirmat; Skagafjarðarsýsla. Tumabrekka nr. 34, bls. 102.

Fasteignamat 1916-1918 –undirmat; Skagafjarðarsýsla. Þönglabakki nr. 80, bls. 116.

Fasteignamat 1916-1918 –undirmat; Skagafjarðarsýsla. Þönglaskáli nr. 79, bls. 115-16.

Fasteignamat 1916-1918 –undirmat; Skagafjarðarsýsla. Bær nr. 81, 116-17.

Fasteignamat 1916-1918 –undirmat; Skagafjarðarsýsla. Laugaland nr. 34, 116-17.

Skagafjarðarsýsla; Jarðabók 1804. Nr. 86, bls. 34v.

Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands. [www.manntal.is](http://www.manntal.is).

### **Heimildamenn**

Birgir Freyr Þorleifsson (f. 1962), bóndi Vogum.

Halldóra Magnúsdóttir (f. 1941), ábúandi í Brekkukoti.

Guðmundur Jónsson (f. 1962), bóndi Óslandi.

Gunnar Þórðarson (f. 1917), fyrrum bóndi Lóni.

# **Fylgiskjöl**

## Strandminjar-2013/136 hnitaskrá

Nr	Fvnrn	Sérheiti	Tegund	Annað	Hlutverk	Annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Orsök	Hættumat	Orsök	Veggh frá	Veggh til	Austun	Norðun
1	14508		hleðsla		óþekkt		800	1900	greinanleg		mikil hættu	landbrots	0.0	0.3	482871	591553
2	14509		niðurgroftur-hleðsla		óþekkt		1800	1950	vel greinanleg		engin hættu		0.0	1.7	483537	592308
3	14510		gata		leið		800	1900	greinanleg		hættu	landbrots	0.0	0.0	483505	592320
4	14511	Glúms-haugur	hóll		munnmæli		800	1900			engin hættu		0.0	0.0	483511	592919
5	14512		niðurgroftur-hleðsla		matjurta-garður		1800	1950	vel greinanleg		engin hættu		0.0	0.6	483515	592897
6	14513		niðurgroftur		óþekkt	mógröf, torftaka	1700	1900	greinanleg		hættu	landbrots	0.0	0.8	483475	593377
7	14514		gata		leið		800	1900	greinanleg		mikil hættu	landbrots	0.0	0.0	483164	594112
8	14515	Miðhúsaklif	heimild		uppsátur		800	1950			ómetið		0.0	0.0	483122	594193
9	14516		gata		leið		800	1900	greinanleg		mikil hættu	landbrots	0.0	0.0	483108	594323
10	14517		gata		leið		800	1900	vel greinanleg		engin hættu		0.0	0.0	482590	595680
11	14518		gata		leið		1800	1970	greinanleg		mikil hættu	landbrots	0.0	0.0	482562	595708
12	14519		þúst		náttúrulegt	varða	800	1900	greinanleg		mikil hættu	landbrots	0.0	0.4	482510	595862
13	14520		hóll		óþekkt		800	1800	illgreinanleg		engin hættu		0.0	0.6	482598	595916
14	14521		tóft		óþekkt		800	1800	greinanleg		hættu	landbrots	0.1	0.2	482461	595995
15	14522		niðurgroftur		óþekkt	torftaka	800	1800	greinanleg		hættu	landbrots	0.0	0.2	482456	595991
16	14523		hleðsla		óþekkt		1900	2000	vel greinanleg		hættu	landbrots	0.0	0.3	482167	596661
17	14524		garðlag		óþekkt		800	1800	illgreinanleg		hættu	landbrots	0.0	0.2	482055	597212
18	14525		garðlag		matjurta-garður		1800	1950	greinanleg		hættu	landbrots	0.0	0.4	482036	597251
19	14526		þúst	mannvistarleif	óþekkt	náttúrulegt	800	1900	illgreinanleg		hættu	landbrots	0.0	0.4	482027	597299
20	14527	Ingutóft	tóft		óþekkt	híbýli	1500	1900	illgreinanleg		mikil hættu	landbrots	0.0	0.3	480207	601686
21	14528	Þönglabakki	hús		fjánhús	sjóbúð	1900	1950	heillegar		mikil hættu	landbrots	0.0	2.5	480116	601757
22	14529	Þönglabakki	hús		fjánhús	sjóbúð	1900	1950	heillegar		mikil hættu	landbrots	0.0	2.5	480107	601756
23	14530	Þönglabakki	tóft		fjánhús		1850	1950	greinanleg	landbrots	mikil hættu	landbrots	0.3	1.0	480126	601810
24	14531	Þönglabakki	steinsteypa		híbýli		1894	1951	vel greinanleg		mikil hættu	landbrots	0.0	0.4	480113	601833
25	14532	Þönglabakki	tóft		óþekkt	sjóbúð	800	1900	greinanleg		mikil hættu	landbrots	0.3	0.6	480133	601843
26	14533	Þönglabakki	hleðsla		óþekkt		800	1900	illgreinanleg	landbrots	mikil hættu	landbrots	0.2	0.5	480118	601844
27	14534	Þönglabakki	garðlag		óþekkt		1800	1900	greinanleg		hættu	landbrots	0.0	0.3	480169	601851
28	14535				brunnur		800	1950	vel greinanleg		mikil hættu	landbrots	0.0	0.0	480123	601820

## Strandminjar-2013/136 hnitaskrá

Nr	Fvnrn	Sérheiti	Tegund	Annað	Hlutverk	Annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Orsök	Hættumat	Orsök	Veggh frá	Veggh til	Austun	Norðun
29	14536	Pönglaskála-hlein	heimild		lending		800	1950			ómetið		0.0	0.0	480107	601717
34	14537		garðlag		óþekkt		800	1700	illgreinanleg		engin hætta		0.3	0.5	480052	603051
35	14538		tóft		óþekkt		800	1800	vel greinanleg		engin hætta		0.2	0.5	479765	603160
36	14539		niðurgroftur		torftaka		800	1800	vel greinanleg		engin hætta		0.0	0.3	479771	603160
37	14540		niðurgroftur		torftökustaður		800	1900	greinanleg		hætta	landbrots	0.0	0.3	479760	603144
38	14541		hleðsla		óþekkt		800	1900	greinanleg		hætta	landbrots	0.0	0.1	479762	603146
39	14542		hleðsla		óþekkt		800	1900	illgreinanleg		hætta	landbrots	0.0	0.3	479595	603528
40	14543	Sæborg	heimild		híbýli		1850	1900	sést ekki	ræktunar			0.0	0.0	479582	603677
41	14544	Bakkabúð	heimild		óþekkt		1850	1930	sést ekki	ræktunar			0.0	0.0	479538	603661
42	14545		tóft		óþekkt		800	1800	greinanleg		hætta	rofs	0.0	0.5	479491	603739
43	14546		garðlag		matjurta-garður		1800	1900	illgreinanleg		mikil hætta	landbrots	0.0	0.5	479502	603767
44	14547		dæld		óþekkt		800	1900	illgreinanleg		hætta	landbrots	0.0	0.2	479502	603791
45	14548	Miðhús	tóft	grunnur	híbýli		1900	1930	greinanleg		hætta	landbrots	0.0	0.3	479492	603796
46	14549	Liljukofi	tóft		híbýli		1900	1920	greinanleg		hætta	landbrots	0.0	0.3	479500	603802
47	14550	Sæborg yngri, Langabúð	dæld	grunnur	óþekkt		1900	1930	illgreinanleg		hætta	landbrots	0.0	0.3	479513	603817
48	14551		hleðsla		fiskhús	verslunar-hús	1850	1940	greinanleg		hætta	landbrots	0.0	0.3	479509	603832
49	14552		heimild		sjóbúðir		1800	1940	sést ekki				0.0	0.0	479489	603835
50	14553	Lágabúð	tóft		híbýli		1850	1940	illgreinanleg		hætta	landbrots	0.0	0.3	479493	603850
51	14554		tóft		sjóbúðir	íshús	1850	1940	vel greinanleg		hætta	landbrots	0.4	1.8	479516	603858
52	14555		niðurgroftur		óþekkt		1700	1940	greinanleg		hætta	landbrots	0.0	0.7	479527	603865
53	14556		tréverk		spil		1850	1940	greinanleg		hætta	landbrots	0.0	0.4	479506	603866
54	14557		tóft	húsgrunnur	óþekkt	beitninga-skúr	1800	1940	illgreinanleg		hætta	landbrots	0.0	0.4	479494	603863
55	14558		tóft	húsgrunnur	óþekkt	beitninga-skúr	1800	1940	greinanleg		hætta	landbrots	0.0	0.3	479485	603870
56	14559		heimild		lending		800	1940			ómetið		0.0	0.0	479490	603893
57	14560		heimild		naust		1800	1940	sést ekki	landbrots			0.0	0.0	479507	603878
58	14561		heimild		hjallur		1860	1940	sést ekki	niðurrifs			0.0	0.0	479462	603886
59	14562		heimild		sjóbúð	fiskhús	1900	1934	sést ekki	niðurrifs			0.0	0.0	479461	603886

Strandminjar-2013/136 hnitaskrá

Nr	Fvnrn	Sérheiti	Tegund	Annað	Hlutverk	Annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Orsök	Hættumat	Orsök	Veggh frá	Veggh til	Austun	Norðun
60	14563		hleðsla	grunnur	óþekkt		800	1940	illgreinanleg		mikil hætta	landbrots	0.0	0.0	479444	603872
61	14564		heimild		lausabryggja		1860	1940	sést ekki	niðurrifs			0.0	0.0	479464	603891
62	14565		garðlag		sundlaug		1920	1930	greinanleg		engin hætta		0.0	0.5	479626	603912
63	14566		garðlag	þúst	frystihús	íshús, timbur-skúr	1900	1930	vel greinanleg		hætta	landbrots	1.0	1.6	479551	604024
64	14567		garðlag		rétt		1900	1930	vel greinanleg		hætta	landbrots	1.0	1.6	479549	604026
70	14568		heimild		lending		800	1940					0.0	0.0	489320	620249
71	14569		tóft		óþekkt	sjóbúð	800	1800	vel greinanleg		mikil hætta	landbrots	0.3	0.5	489337	620256
72	14570		þúst		óþekkt	náttúrulegt	800	1900	illgreinanleg		mikil hætta	landbrots	0.0	0.3	489337	620264
73	14571		garðlag		óþekkt		800	1900	illgreinanleg		mikil hætta	landbrots	0.0	0.7	489365	620280
74	14572		tóft		óþekkt	fjárhús?	1700	1900	greinanleg		hætta	landbrots	0.3	0.6	489398	620246
75	14573		þúst		óþekkt		800	1900	illgreinanleg		mikil hætta	landbrots	0.0	0.6	489382	620292
76	14574		garðlag		óþekkt		800	1900	greinanleg		mikil hætta	landbrots	0.0	0.4	489387	620283
77	14575		tóft		stekkur		1600	1900	vel greinanleg		mikil hætta	landbrots	0.3	0.8	489403	620301
78	14576		tóft		óþekkt		1500	1900	vel greinanleg		mikil hætta	landbrots	0.2	0.5	489402	620294
79	14577		tóft		stekkur		1700	1900	vel greinanleg		hætta	landbrots	0.3	0.8	489443	620306
80	14578		garðlag		túngarður		800	1700	greinanleg		mikil hætta	landbrots	0.0	0.6	489475	620286
81	14579		tóft		óþekkt	fjárhús?	1500	1900	vel greinanleg		hætta	landbrots	0.3	0.6	489477	620377
82	14580		tóft		óþekkt	beitarhús?	800	1700	greinanleg		hætta	landbrots	0.3	0.5	489497	620299
83	14581		garðlag		óþekkt	rétt?	800	1700	vel greinanleg		hætta	landbrots	0.0	0.3	489503	620297
84	14582		tóft		óþekkt		800	1900	greinanleg		hætta	landbrots	0.2	0.3	489478	620314
85	14583		niðurgröftur		óþekkt		800	1900	vel greinanleg		hætta	landbrots	0.5	0.8	489481	620315
86	14584		rutt svæði		óþekkt	þurrkun?	800	1900	vel greinanleg		hætta	landbrots	0.0	1.0	489439	620278
87	14585		niðurgröftur		mógröf		1500	1900	vel greinanleg		engin hætta		0.0	0.7	489839	620482
88	14586		tóft		mótóft		1500	1900	greinanleg		engin hætta		0.0	0.3	489804	620474
89	14587		tóft		mótóft		1500	1900	vel greinanleg		engin hætta		0.2	0.4	489832	620482
90	14588		garðlag		mótóft		1500	1900	greinanleg		engin hætta		0.2	0.6	489854	620506
91	14589		tóft		beitarhús		1500	1900	illgreinanleg		hætta	landbrots	0.0	0.2	489838	620543
92	14590		tóft		beitarhús		1500	1900	vel greinanleg		engin hætta		0.3	0.5	489904	620551
93	14591		tóft		óþekkt		1500	1800	greinanleg		engin hætta		0.0	0.2	489912	620558
94	14592		þúst		óþekkt		1500	1900	illgreinanleg		engin hætta		0.3	0.0	489898	620556



## Strandminjar-2013/136 hnitaskrá

Nr	Fvnrn	Sérheiti	Tegund	Annað	Hlutverk	Annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Orsök	Hættumat	Orsök	Veggh frá	Veggh til	Austun	Norðun
95	14593		þúst		óþekkt		800	1900	illgreinanleg	ekki vitað	mikil hættu	landbrots	0.0	0.3	490013	620657
96	14594		þúst		óþekkt		800	1900	illgreinanleg	ekki vitað	mikil hættu	landbrots	0.0	0.3	490048	620647
97	14595		garðlag		óþekkt	vörslu-garður	800	1700	vel greinanleg		mikil hættu	landbrots	0.3	0.7	490078	620649
98	14596		garðlag		óþekkt		800	1900	greinanleg	landbrots	mikil hættu	landbrots	0.0	0.3	490075	620651
99	14597		náttúru-minjar	tóft	óþekkt		800	1900	greinanleg	landbrots	mikil hættu	landbrots	0.2	0.4	490069	620650
100	14598		tóft		beitarhús	stekkur	1500	1900	greinanleg	uppblást-urs	mikil hættu	landbrots	0.0	0.4	490136	620662
101	14599		tóft		óþekkt	útihús?	800	1700	greinanleg		mikil hættu	landbrots	0.3	0.6	490305	620786
102	14600		garðlag		óþekkt		800	1700	greinanleg		mikil hættu	landbrots	0.0	0.6	490310	620783
104	14601		þúst		óþekkt		800	1900	illgreinanleg		mikil hættu	landbrots	0.0	0.3	490704	620676
105	14602		dæld		híbýli		1922	1934	illgreinanleg		engin hættu		0.0	0.2	490835	620575
106	14603		dæld		óþekkt		1922	1936	illgreinanleg		engin hættu		0.0	0.2	490841	620576
107	14604		tóft	grunnur	óþekkt	útihús?	1922	1934	illgreinanleg		engin hættu		0.0	0.3	490839	620589
108	14605		dæld		óþekkt		800	1950	illgreinanleg		engin hættu		0.1	0.2	490844	620584
109	14606		dæld		óþekkt		800	1900	illgreinanleg		engin hættu		0.0	0.2	490896	620554
110	14607		hóll		óþekkt		800	1934	illgreinanleg		hættu	landbrots	0.0	0.5	490790	620633
111	14608		dæld		óþekkt		800	1934	sést ekki		hættu	landbrots	0.1	0.2	490806	620604
112	14609	Sólheimar	heimild		híbýli		0	0	sést ekki				0.0	0.0	491043	620533
113	14610		garðlag		vörslugarður		800	1800	greinanleg		mikil hættu	landbrots	0.0	0.8	491255	620474
114	14611		tóft		naust		800	1800	vel greinanleg		mikil hættu	landbrots	0.3	0.7	491344	620447
115	14612		tóft		óþekkt	naust	1500	1900	vel greinanleg		mikil hættu	landbrots	0.4	0.6	491352	620451
116	14613		tóft		beitarhús	fjárhús	1800	1900	greinanleg		mikil hættu	landbrots	0.0	0.8	491371	620449
117	14614		tóft		óþekkt	sjóbúð	800	1800	vel greinanleg		mikil hættu	landbrots	0.3	1.0	491350	620442
118	14615		tóft		óþekkt	sjóbúð	800	1800	greinanleg		mikil hættu	landbrots	0.3	0.6	491339	620444
119	14616		tóft		óþekkt	sjóbúð	800	1800	greinanleg		mikil hættu	landbrots	0.3	0.7	491337	620451
120	14617		garðlag		óþekkt		800	1800	greinanleg		mikil hættu	landbrots	0.4	0.6	491330	620450
121	14618		garðlag		óþekkt		800	1800	greinanleg		hættu	landbrots	0.2	0.6	491338	620437
122	14619		tóft		óþekkt	heyttóft	800	1900	illgreinanleg		hættu	landbrots	0.3	0.5	491394	620396
123	14620		niðurgroftur-hleðsla	tóft	óþekkt		800	1900	vel greinanleg		engin hættu		0.3	0.8	491336	620371
124	14621		tóft		óþekkt		800	1700	greinanleg		engin hættu		0.3	0.5	491443	620332

## Strandminjar-2013/136 hnitaskrá

Nr	Fvnrn	Sérheiti	Tegund	Annað	Hlutverk	Annað	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Orsök	Hættumat	Orsök	Veggh frá	Veggh til	Austun	Norðun
125	14622		tóft		óþekkt	beitarhús?	800	1800	greinanleg		engin hætta		0.0	0.3	491458	620343
126	14623		tóft		stekkur		1500	1800	vel greinanleg		engin hætta		0.3	0.5	491485	620364
127	14624		tóft		óþekkt		800	1700	greinanleg		engin hætta		0.4	0.7	491347	620334
130	14625		tóft		stekkur		1700	1900	vel greinanleg		hætta	landbrots	0.3	0.7	491780	619835
131	14626		tóft		óþekkt	heyttóft?	800	1800	illgreinanleg		hætta	landbrots	0.0	0.3	491781	619833
132	14627		garðlag		rétt		1500	1900	vel greinanleg		hætta	landbrots	0.2	0.6	491777	619833
133	14628		tóft		fjánhús	beitarhús	1700	1900	vel greinanleg		hætta	landbrots	0.3	0.6	491802	619830
134	14629		tóft		óþekkt	híbýli	800	1700	greinanleg		hætta	landbrots	0.3	0.7	491796	619772
135	14630		niðurgröftur		mógröf		1500	1900	greinanleg		hætta	landbrots	0.0	0.5	491925	619745
136	14631		hleðsla		óþekkt		800	1900	illgreinanleg		mikil hætta	landbrots	0.2	0.3	491819	619853
137	14632		þúst		óþekkt		800	1900	illgreinanleg		mikil hætta	landbrots	0.0	0.4	492075	619421
138	14633	Klaufin, Móskóga-klauf	heimild		lending		800	1950			Ómetið		0.0	0.0	492326	619280
139	14634		hleðsla		óþekkt		1500	1900	illgreinanleg	landbrots	mikil hætta	landbrots	0.0	0.5	492307	619279
140	14635		tóft		búð		1500	1900	greinanleg	landbrots	mikil hætta	landbrots	0.0	0.5	492314	619264
141	14636		tóft		búð		1500	1900	greinanleg	landbrots	mikil hætta	landbrots	0.0	0.8	492333	619255



Straumnes

Hrolleifshöfði

Málmey

Flókadalur

Hrolleifsdalur

Þórðarhöfði

Höfðavatn


Hofsós

Unadalur

Deildardalur


- Mikil hætta
- Hætta
- Engin hætta
- Horfið/ómetið

Kolkuós





Straumnes



**Kort 4**

Hrolleifshöfði




Málmei

Flókadalur

Hrolleifsdalur

Þórðarhöfði

Höðavatn




**Kort 3**



**Kort 2**

Hofsós

Unadalur



**Kort 1**

Deildardalur



Kolkuós

# Kort 1



17-19

16

14-15

12

11

13

10

Gröf

Miðhús

9

8

7

Tumabrekka

6

Brekkukot

4-5

Ósland

2-3

Marbæli

1  
Kolkuós



- Mikil hætta
- Hætta
- Engin hætta
- Horfið/ómetið



# Kort 2



Ytra-Búðanes

bönglaskálahleirn


Syðra-Búðanes

- Mikil hætta
- Hætta
- Engin hætta
- Horfið/ómetið

0 50 100 150 m



# Kort 3



63-64

58

61

59

60

Ystiklettur

55

54

50

Miðklettur

Syðstiklettur

39

41

40

43

44

45

46

47

48

51

52

53

57

56

62

Bær



35-38


34

- Mikil hætta
- Hætta
- Engin hætta
- Horfið/ómetið




# Kort 4

N



- Mikil hætta
- Hætta
- Engin hætta
- Horfið/ómetið



Mós-kógar

